



# ÁRSSKÝRSLA 2014



Stofnun  
VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR  
í erlendum tungumálum

---

# EFNISYFIRLIT

---

Inngangur.....	1
Stjórn og starfsmenn.....	2
Starfssvið og hlutverk.....	4
Ráðstefnur.....	6
Málþing.....	11
Fyrirlestrar.....	19
Útgáfa fræðiritra.....	20
Þýðingaverk starfsmanna SVF.....	23
Minning.....	25
Alþjóðlegt samstarf.....	26
Doktorsvörn við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda..	29
Aðrir viðburðir.....	30
Konfúsíusarstofnun Norðurljós.....	34
Vigdísarstofnun – Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar.....	36
Styrkir.....	40
Starfsfólk.....	44
Miðlun rannsókna.....	57

For the English summary of the activity report of Vigdís Finnbogadóttir Institute of Foreign Languages, please consult [http://vigdis.hi.is/en/activity\\_reports](http://vigdis.hi.is/en/activity_reports)

Umbrot: Valgerður Jónasdóttir

Mynd á forsiðu: Vigdís Finnbogadóttir, fv. forseti Íslands og velgjörðasendiherra UNESCO fyrir tungumál, og Irina Bokova, aðalframkvæmdastjóri UNESCO, rétt fyrir opnun máltækniráðstefnunnar LREC í Hörpu mánudaginn 26. maí.

Prentun: Oddi, umhverfissvottuð prentsmiðja

---

# INNGANGUR

---

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum (SVF) er rannsóknastofnun á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Við stofnunina eru stundaðar rannsóknir í þeim 13 tungumálum, sem eru kennd við háskólann, ásamt bókmenntum og menningu viðkomandi málsvæða. Önnur meginfræðasvið eru þýðingar, samanburðarmálvísindi, máltileinkun, tungumálanám og tungumálakennsla, svæðarannsóknir (Evrópu-, Norðurlanda-, Ameríku-, Mið-Austurlanda- og Asíufræði), samskipti á erlendum tungum og erlend tungumál og menning á Íslandi í sögu og samtíð. Árið 2014 var þrettánda starfsár Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og að venju hefur starfsemin verið þróttmikil og fjölbreytt. Stofnunin hefur staðið fyrir fjölda viðburða í samvinnu við innlenda og erlenda fræðimenn og vísindastofnanir og áhersla hefur verið lögð á að auka þekkingu og upplýsta umræðu á fræðasviðum stofnunarinnar. Í því skyni hefur stofnunin staðið fyrir ráðstefnum, málþingum og fyrirlestraröðum ásamt útgáfu tímaritsins *Milli mála* og annarra fræðiritra.

Á árinu bar hæst opinbera heimsókn Irinu Bokovu, aðalframkvæmdastjóra UNESCO – Mennta- vísinda- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, og hátíðafyrirlestur sem hún hélt við Háskóla Íslands þann 26. maí, veglegan styrk A.P. Møller og Hustru Chastine Mc-Kinney Møllers Fond til almene Formaal til nýbyggingar fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, og ákvörðun háskólaráðs um að tryggja fjármögnun hússins og efna til útboðs um byggingarframkvæmdir. Þá bar hátt risaráðstefnu í máltækni sem haldin var í Hörpu í samvinnu SVF, Máltækniseturs og ELRA, evrópskra samtaka um máltækni.

Fjölmarginir hafa styrkt starfsemi stofnunarinnar og verkefni á hennar vegum með beinum eða óbeinum hætti og auk þess hafa starfsmenn hennar hlotið talsverða styrki til rannsókna úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Sem endranær hefur frú Vigdís Finnbogadóttir lagt stofnuninni ómetanlegt lið með störfum sínum.

DANSKA	DANSKA	FRANSKA	ENSKA	FRANSKA	ENSKA	SPÆNSKA	TUNGUMÁLA- MIÐSTÖÐ
							
Annette Hejlsed lektor	Auður Hauksdóttir dósent	Ásdís R. Magnúsdóttir prófessor	Ásrún Jóhannsdóttir aðjunkt	Ásta Ingibjartsdóttir aðjunkt	Birna Ambjörnsdóttir prófessor	Erla Erlendsdóttir dósent	Eyjólfur M. Sigurðsson deildarstjóri

KÍNVERSKA	FRANSKA	GRÍSKA/LATÍNA	DANSKA	NORSKA	ENSKA	DANSKA	SVF
							
Fei Jie sendikennari	François Heenen aðjunkt	Geir P. Þórarinnsson aðjunkt	Gísli Magnússon lektor	Gro Tove Sandmark sendikennari	Guðrún Björk Guðsteinsdóttir prófessor	Guðrún Haraldsdóttir verkefnisstjóri	Guðrún Kristinsdóttir verkefnisstjóri

JAPANSKA	MENNTUNARFRÆÐI	SPÆNSKA	ENSKA	ENSKA	FRANSKA	ÞÝSKA	KÍNVERSKA
							
Gunnella Þorgeirsdóttir aðjunkt	Hafþís Ingvarsdóttir prófessor	Hólmfríður Garðarsdóttir prófessor	Hulda Kristín Jónsdóttir aðjunkt	Ingibjörg Ágústsdóttir lektor	Irma Erlingsdóttir dósent	Jessica Guse sendikennari	Jia Yucheng sendikennari

ENSKA	SPÆNSKA	SÆNSKA	KÍNVERSKA	KONFÚSÍUSAR- STOFNUN	ENSKA	ÞÝSKA	ENSKA
							
Júlían Meldon D'Arcy prófessor	Kristín G. Jónsdóttir lektor	Lars-Göran Johansson sendikennari	Liu Kailiang sendikennari	Magnús Björnsson forstöðumaður	Magnús Fjalldal prófessor	Magnús Sigurðsson aðjunkt	Martin Regal dósent

ÍTALSKA	ÞÝSKA	DANSKA	RÚSSNESKA	GRÍSKA/LATÍNA	ÍTALSKA	KONFÚSÍUSAR- STOFNUN	DANSKA
							
Michele Broccia sendikennari	Oddný G. Sverrisdóttir prófessor	Pernille Folkmann lektor	Rebekka Þráinsdóttir aðjunkt	Sigurður Pétursson lektor	Stefano Rosatti aðjunkt	Stefán Ólafsson kynningarstjóri	Susanne A. Elgum aðjunkt

SVF	KÍNVERSKA	KONFÚSÍUSAR- STOFNUN	ENSKA	DANSKA	ÞÝÐINGA- FRÆÐI	KÍNVERSKA
						
Valgerður Jónasdóttir grafískur hönnuður	Wang Xia sendikennari	Þorgerður A. Björnsdóttir verkefnisstjóri	Þórhallur Eypórsson dósent	Þórhildur Oddsdóttir aðjunkt	Gauti Kristmannsson prófessor	Geir Sigurðsson dósent

---

# STJÓRN OG STARFSMENN

---

Á árinu 2014 störfuðu 40 fræðimenn við stofnunina, auk verkefnisstjóra.

Stjórn SVF skipuðu Auður Hauksdóttir, formaður, Ásdís R. Magnúsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Rebekka Þráinsdóttir og Ingibjörg Þórisdóttir, doktorsnemi í enskum bókmenntum, tilnefnd af Félagi doktorsnema. Þegar Ingibjörg tók sér hlé frá námi á haustmisseri var Guðmundur S. Brynjólfsson tilnefndur í stjórnina í hennar stað. Einnig varð sú breyting á stjórninni að Oddný G. Sverrisdóttir, annar varamanna í stjórn auk Sigurðar Péturssonar, tók sæti Rebekku Þráinsdóttir í desember þegar hún baðst undan frekari stjórnarsetu. Auk stjórnarformennsku gegndi Auður Hauksdóttir starfi forstöðumanns. Stjórnin kom saman átta sinnum á árinu.

Ritnefnd stofnunarinnar var skipuð þeim Ásdísi R. Magnúsdóttur og Rebekku Þráinsdóttur.

Guðrún Kristinsdóttir gegndi starfi verkefnisstjóra og hafði umsjón með daglegum rekstri stofnunarinnar en Valgerður Jónasdóttir, grafískur hönnuður, sinnti í hlutastarfi verkefnum á sviðum hönnunar og útgáfu.

Auður Hauksdóttir hlaut framgang í stöðu prófessors í dönsku á árinu og Þórhallur Eyþórsson í stöðu prófessors í málvísindum við námsleið í ensku.

Nýr starfsmaður við stofnunina var Gísli Magnússon, sem tímabundið tók við starfi lektors í dönskum bókmenntum um mitt ár.



Stjórn SVF, frá vinstri: Ásdís R. Magnúsdóttir, Oddný G. Sverrisdóttir, Auður Hauksdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir og Guðmundur S. Brynjólfsson.

---

# STARFSSVIÐ OG HLUTVERK

---

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er ein aðildarstofnana Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands og rannsóknavettvangur kennara í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda. Rannsóknir stofnunarinnar snúast um erlend tungumál og menningu frá ýmsum sjónarhornum en helstu rannsóknasviðin eru:

- Málvísindi, m.a. samanburðarmálvísindi, máltileinkun, orðaforði, hljóðfræði, annarsmálsfræði og orðabókarfræði.
- Bókmenntir, m.a. bókmenntir einstakra þjóða og málsvæða, t.d. enskar, franskar, þýskar, rússneskar og asískar bókmenntir, sem og bókmenntir spænskumælandi þjóða og Norðurlandabókmenntir.
- Menning tiltekinna málsvæða og samanburður milli málsvæða í sögu og samtíð.
- Samskipti á erlendum málum og notagildi þeirra m.a. í atvinnulífi.
- Kennsla erlendra tungumála og þróun kennslugagna.
- Þýðingar milli íslensku og annarra mála, bæði bókmennta- og nýtjapýðingar.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur leggur áherslu á að vekja fólk til vitundar um að fjölmenningarleg viðhorf og þekking á öðrum þjóðum og tungumálum feli í sér persónulegan, menningarlegan og efnahagslegan ávinning. Hnattvæðing kallar á þekkingu og færni sem tekur mið af sívaxandi samskiptum á öllum sviðum og einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki, sem hafa á að skipa einstaklingum sem búa yfir góðri tungumálakunnáttu og menningarinnisæi, eru betur í stakk búin til að takast á við áskoranir á alþjóðavettvangi en ella. Í rannsóknastarfi er haft að leiðarljósi að auka skilning á eðli máltileinkunar og gildi tungumálakunnáttu og menningar á öllum sviðum mannlífs og þjóðlífs. Lögð er sérstök áhersla á miðlun upplýsinga um nýja þekkingu á eðli tungumálanáms og nýjungar í kennslu erlendra mála á öllum skólastigum, enda er það markmið stofnunarinnar að styðja við kennslu í erlendum tungumálum og byggja upp öflugar rannsóknir á því sviði.

Auk rannsókna stuðlar stofnunin að upplýstri umræðu í þjóðfélaginu um erlend tungumál, bókmenntir og menningu, tungumálanám, þýðingar og samskipti á erlendum tungum. Þetta hlutverk sitt rækir stofnunin með fyrirlestra- og ráðstefnuhaldi, útgáfu fræðiritra og þróun námsefnis og annarra gagna sem geta auðveldað tungumálanám og tjáskipti á erlendum tungum. Stofnunin gefur út *Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu* sem kemur út einu sinni á ári og fjallar um rannsóknir á fræðasviðum SVF. Stofnunin tekur þátt í fjölmörgum þróunar- og rannsóknaverkefnum á fræðasviði sínu í samstarfi við íslenska og erlenda fræðimenn og háskólastofnanir.

Stofnunin fær árlegt framlag frá Háskóla Íslands en auk þess hafa fyrirtæki og stofnanir styrkt starfsemi SVF. Eins og fram kemur hér á eftir hafa ýmsir rannsókn- og menningarsjóðir veitt styrki til að hrinda einstökum rannsókn- og þróunarverkefnum í framkvæmd. Þá hafa starfsmenn hlotið styrki úr innlendum

og erlendum samkeppnissjóðum til rannsókna sinna. Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur hefur það að markmiði að efla stofnunina og stuðla að vexti og viðgangi hennar í hvívetna.

Auk þess að standa fyrir málþingum og fyrirlestraröðum var stofnunin aðili að fjórum alþjóðlegum ráðstefnum á árinu. Á rómanistapi, ráðstefnu norrænna sérfræðinga í frönskum, spænskum, ítölskum og portúgölskum fræðum, var fjallað um bókmenntir, málvísindi og kennslu rómanskra mála á Norðurlöndum og á ráðstefnunni Nordic Intercultural Communication var fjallað um menningarinnsæi og samskipti milli ólíkra menningarsvæða. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur var meðal íslenskra samstarfsaðila um alþjóðlegu máltækniráðstefnuna LREC, sem haldin var í Hörpu í lok maí, og átti auk þess aðild að ráðstefnunni Art in Translation. Evrópski tungumáladagurinn var að venju haldinn hátíðlegur þann 26. september í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi. Þessir aðilar stóðu fyrir fjölbreyttri dagskrá undir yfirskriftinni „Tungumálakunnátta er allra hagar“.

Önnur doktorsvörnin við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda fór fram þann 14. nóvember þegar Árný Aurangasri Hinriksson varði doktorsritgerð sína „Dissident Voices: Sociocultural Transformations in Sri Lankan Post-Independence Novels in English“, eða „Andófsraddir: Félagsmenningarlegar umbyltingar í skáldsögum á ensku í Sri Lanka að fengnu sjálfstæði“. Leiðbeinandi Árnýjar í doktorsnáminu var Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, prófessor í enskum bókmenntum.

Nánar verður greint frá helstu viðburðum í starfsemi stofnunarinnar á árinu hér á eftir.



Af Japanshátíð á Háskólatorgi.

---

# RÁÐSTEFNUR

---

Á árinu átti stofnunin aðild að fjórum alþjóðlegum ráðstefnum. Þannig stóð hún fyrir tveimur alþjóðlegum ráðstefnum í samvinnu við innlenda og erlenda fræðimenn og stofnanir og var auk þess samstarfsaðili um tvær aðrar ráðstefnur.

## Rómanistapiing

Dagana 12.–15. ágúst fór fram í Háskóla Íslands 19. ráðstefna norrænna rómanista. Um var að ræða sérfræðinga í frönskum, spænskum, suður-amerískum, portúgölskum og ítölskum bókmenntum og málvísindum, sem og í kennslu þessara tungumála. Þing af þessu tagi hefur verið haldið til skiptis á Norðurlöndunum frá því um miðja síðustu öld, alls 18 sinnum, en var nú haldið í fyrsta sinn hér á landi. Skipulag ráðstefnunnar var í höndum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands og námsleiðum í rómönskum málum í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.



Franskir rómanistar á Rómanistapiingi: Rósa Elín Davíðsdóttir, doktorsnemi í frönsku, Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, Vigdís Finnbogadóttir, velgjörðasendiherra UNESCO fyrir tungumál, Mireille Calle-Grüber, prófessor við l'Université Sorbonne Nouvelle – Paris III, Irma Erlingsdóttir, dósent í frönskum samtímabókmenntum, François Heenen, aðjunkt í frönsku, og Ásta Ingibjartsdóttir, aðjunkt í frönsku.



Lykilfyrirlesarar voru:

- Emma Martinell, prófessor við Háskólann í Barcelona: „El paradigma determinante: rendimiento y complejidad del artículo en español.“
- Mireille Calle-Grüber, prófessor við l'Université Sorbonne Nouvelle – Paris III: „Le diptyque oriental d'Assia Djebar. Langues, arts, religions.“
- Hanne Leth Andersen, rektor Hróarskelduháskóla: „Le rôle des langues (et surtout du français) dans le système d'éducation du futur : buts, approches et intégration.“
- Lorenzo Coveri, prófessor við Genúa-háskóla: „La maschera di Arlecchino. Sociolinguistica dell'italiano nel mondo.“

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, setti ráðstefnuna og Vigdís Finnbogadóttir flutti ávarp. Fundarstjórn var í höndum Hólmfríðar Garðarsdóttur, prófessors í spænsku og forseta Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, en þau François Frans Heenen, aðjunkt í frönsku, Kristín Guðrún Jónsdóttir, lektor í spænsku, og Stefano Rosatti, aðjunkt í ítölsku, buðu ráðstefnugesti velkomna fyrir hönd viðkomandi námsleiða.

Rúmlega 130 erlendir fræðimenn á sviðum spænskra, franskra og ítalskra bókmennta og tungu sóttu þingið, sem var mjög vel heppnað. Ráðstefnan var styrkt af rektor Háskóla Íslands, Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar, Reykjavíkurborg, franska sendiráðinu á Íslandi, sendiráði Ítalíu í Osló, sendiráði Spánar í Osló, Alessandro Era, Norðurslóðum ferðaskrifstofu ehf., Friðriki Steini Kristjánssyni, ræðismanni Spánar á Íslandi, K. Karlssyni ehf. og Vínekrunni hf.

Veg og vanda af skipulagningu og framkvæmd ráðstefnunnar höfðu þau Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, Erla Erlendsdóttir, dósent í spænsku, Stefano Rosatti, aðjunkt í ítölsku, ásamt Ástu Ingibjartsdóttur, aðjunkt í frönsku, François Frans Heenen, aðjunkt í frönsku, Irmu Erlingsdóttur, dósent í frönskum samtímabókmenntum, Hólmfríði Garðarsdóttur, prófessor í spænsku, Kristínu Guðrúnu Jónsdóttur, lektor í spænsku, Margréti Guðmundsdóttur, verkefnisstjóra á Hugvísindasviði, og Guðrúnu Kristinsdóttur, verkefnisstjóra SVF.



Aðalfyrirlesarar á Rómanistapiingi við Háskóla Íslands : Emma Martinell, prófessor emeritus við Háskólann í Barcelona, Mireille Calle-Grüber, prófessor við l'Université Sorbonne Nouvelle – Paris III, og Hanne Leth Andersen, rektor Hróarskelduháskóla. Á myndina vantar Lorenzo Coveri, prófessor við Háskólann í Genúa.



Ítalskir rómanistar á Rómanistapiingi: Lorenzo Coveri, prófessor við Háskólann í Genúa, Vigdís Finnbogadóttir, velgjörðasendihera UNESCO fyrir tungumál, og Stefano Rosatti, aðjunkt í ítölsku.



Spænskir rómanistar á Rómanistapiingi: Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, Emma Martinell, prófessor emeritus við Háskólann í Barcelona, Erla Erlendsdóttir, dósent í spænsku, og Kristín Guðrún Jónsdóttir, lektor í spænsku.

## Art in Translation: Alþjóðleg ráðstefna um tungumál og listir

Dagana 18.–20. september var ráðstefnan Art in Translation haldin í þriðja sinn. Ráðstefnan var þverfagleg og fjallaði um samspil ritlistar og annarra listgreina og var haldin í Norræna húsinu í samvinnu Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands, Manitoba-háskóla og SVF, ásamt Norræna húsinu, Reykjavík – Bókmenntaborg UNESCO og bandaríska sendiráðinu á Íslandi.

Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar var bandaríski rithöfundurinn Amy Tan sem þekktust er fyrir bók sína *Leikur hlæjandi láns* (*The Joy Luck Club*) sem hefur verið þýdd á 35 tungumál. Hún kom út í íslenskri þýðingu Rúnars Helga Vignissonar árið 1992 og var endurútfegin árið 1998. Þrjár aðrar skáldsögur Amy Tan hafa komið út á íslensku.

Aðrir lykilfyrirlesarar á ráðstefnunni Art in Translation voru Roger M.A. Allen, prófessor emeritus í arabísku og almennri bókmenntafræði við Pennsylvania-háskóla í Bandaríkjunum, Matthew Rubery, lektor í enskum 19. aldar bókmenntum við Queen Mary University of London, og David Spurr, prófessor í ensku við Genfarháskóla.

Aðrir fyrirlesarar voru hátt á sjötta tug innlendra og erlendra fræðimanna og listamanna.

Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingafræði, setti ráðstefnuna en auk hans fluttu Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, ávörp.

Í ráðstefnunefnd Art in Translation sátu þau Haraldur Jónsson listamaður, Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingafræði, Martin Regal, dósent í ensku, Rúnar Helgi Vignisson, dósent í ritlist, og Stella Soffía Jóhannesdóttir, sem var verkefnisstjóri ráðstefnunnar.



Amy Tan á ráðstefnunni Art in Translation. Myndina tók Veronika Geiger.

# Nordic Intercultural Communication

Dagana 26.–28. nóvember var haldin á vegum stofnunarinnar alþjóðlega ráðstefnan Nordic Intercultural Communication um menningarinnisæi og samskipti milli ólíkra menningarsvæða. Meginþemu ráðstefnunnar voru tjáskipti í háskólum og milli vísindamanna í alþjóðavæddum heimi, tjáskipti, tungumál og menning á Norðurlöndunum, og þýðingar milli tungumála og menningarheima.

*Aðalfyrirlesar voru:*

- Daniel Everett, prófessor og sviðsforseti við Bentley-háskóla í Massachusetts í Bandaríkjunum: „Tacit Knowledge: How We Come to Know Things That We Cannot Tell.“
- Andreas F. Kelletat, prófessor við Johannes Gutenberg-háskóla í Þýskalandi: „Aus allen Sprachen in alle Sprachen: Diskursives vielsprachiges Relaisübersetzen literarischer Texte.“
- Karen Risager, prófessor emeritus við Hróarskelduháskóla: „Flersprogethed og transsproglige diskurser. Om kvaliteten af videnskabelig viden.“

Vigdís Finnbogadóttir setti ráðstefnuna en fundarstjórn var í höndum Auðar Hauksdóttur, prófessors og eins fulltrúa SVF í Nordic Intercultural Communication-samstarfsnetinu.

Ráðstefnan var styrkt af Clara Lachmanns Fond og Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar.

Ráðstefnunefndina skipuðu Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku, Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingafræði, Oddný G. Sverrisdóttir, prófessor í þýsku, Þórhallur Eypórsson, prófessor í málvísindum við námsleið í ensku og Ingibjörg Þórisdóttir, doktorsnemi í ensku. Skipulagning og framkvæmd var í höndum Auðar Hauksdóttur, forstöðumanns SVF, og Guðrúnar Kristinsdóttur, verkefnisstjóra SVF.



Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, prófessor í ensku um bókmenntum.



Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku.



Karen Risager, prófessor emeritus við Hróarskelduháskóla.



Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingafræði.



Irina Bokova, aðalframkvæmdastjóri UNESCO, flytur ávarp sitt við setningu LREC-ráðstefnunnar í Norðurljósasal Hörpu. Með henni á myndinni eru Nicoletta Calzolari, formaður European Language Resources Association (ELRA), og Khalid Choukri, aðalritari ELRA.



Guðrún Nordal, prófessor í íslenskum miðaldabókmenntum, Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur, og Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku.



S. Björn Blöndal, aðstoðarmaður borgarstjóra, Vigdís Finnbogadóttir, Hélène Mazo, kynningarstjóri European Language Resources Association (ELRA), og Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF.



Pallborðsumræður á LREC-ráðstefnunni, frá vinstri: Vigdís Finnbogadóttir, velgjörðasendiherra UNESCO, Nicoletta Calzolari, formaður ELRA, Khalid Choukri, aðalritari ELRA, Jón Gnarr borgarstjóri og Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði.

## Alþjóðleg máltækniráðstefna

Níunda LREC-ráðstefnan var haldin í Hörpu dagana 26.–31. maí. LREC (Language Resources and Evaluation Conference) er haldin annað hvert ár og er víðamesta máltækniráðstefna heims og mjög fjölsótt. Að ráðstefnunni stóðu samtökin European Language Resources Association (ELRA) í samvinnu við annars vegar Máltæknisetur, sem er samstarfsvettvangur Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík og orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og hins vegar Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Ráðstefnan var haldin undir verndarvæng UNESCO – Mennta-, vísinda- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Vigdís Finnbogadóttir, velgjörðasendiherra fyrir tungumál hjá UNESCO, setti ráðstefnuna, og Irina Bokova, aðalframkvæmdastjóri UNESCO, flutti ávarp. Alls voru um 1200 þátttakendur á ráðstefnunni og voru hátt á áttunda hundrað verkefna kynnt þar, ýmist með erindum eða veggspjöldum. Viðfangsefni ráðstefnunnar voru mjög fjölbreytt en flest þeirra tengdust þó hvers kyns rafrænum málögnum og vinnu með þau. Þar má nefna gerð orðabóka og orðasafna, uppbyggingu málheilda og textasafna, vélrænar og tölvustuddar þýðingar, gerð talgreina og talgervla, greiningu, samræmingu og útgáfu forntexta, gerð villuleitar og leiðréttingarhugbúnaðar, smíði hvers kyns mállegra greiningarforrita, höfundarrétt og lög um rafræn gögn o.s.frv.

Í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar voru þau Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands, formaður, Hrafn Loftsson, dósent við Háskólann í Reykjavík, sem átti jafnframt sæti í vísindaráði ráðstefnunnar, Sigrún Helgadóttir, fræðimaður hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sem var starfsmaður nefndarinnar, Kristín Bjarnadóttir, sérfræðingur hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri á skrifstofu Hugvísindasviðs, og Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF.

Þeir starfsmenn SVF sem héldu fyrirlestur á ráðstefnunni voru þau Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku, og Þórhallur Eypórsson, prófessor í málvísindum við námsleið í ensku.

---

# MÁLÞING

---

Að venju stóð stofnunin fyrir málþingum þar sem fjallað var um ýmis viðfangsefni á fræðasviðum hennar.

## Móðurmálsvika 21.-28. febrúar

Í tilefni af alþjóðadegi móðurmálsins, sem haldinn er hátíðlegur þann 21. febrúar ár hvert, stóðu SVF og íslenska UNESCO-nefndin fyrir dagskrá í vikunni 21.–28. febrúar í samvinnu við félagasamtökin Móðurmál, Borgarbókasafn Reykjavíkur, Kennarasamband Íslands, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og Norræna húsið.

Í viku móðurmálsins var sérstök áhersla lögð á að vekja leika og lærða til vitundar um þýðingu móðurmálsins fyrir einstaklinga og mikilvægi þess fyrir menningu þjóða. Athygli var vakin á starfi fjölmargra aðila sem tengjast ólíkum málum sem móðurmáli og hvatt til umræðu í skólum um hvernig hægt væri að koma til móts við þarfir nemenda sem eiga sér annað móðurmál en íslensku. Efnt var til samvinnu við skóla um allt land um sameiginlegt verkefni, sem fólst í að skrá tungumálaforða sérhvers bekkjar á [www.tungumalatorg.is/](http://www.tungumalatorg.is/) og fá þannig yfirlit yfir hve vel þjóðin væri sett með alla þá fjölbreyttu tungumálakunnáttu sem fólkið í landinu býr yfir. Þá voru gerð stutt myndbönd til að stuðla að aukinni þekkingu og upplýstri umræðu um þennan málaflokk.

Fimmtudaginn 27. febrúar fór fram í Odda fyrirlestur um dönsku sem móðurmál, annað mál og erlent mál. Þar fjallaði Bergþóra Kristjánsdóttir, lektor við Árósháskóla, um umræður í danska menntakerfinu þar sem tekist hefur verið á um afleiðingar þess að greina á milli dönsku sem móðurmáls, annars máls og erlends máls.



Bergþóra Kristjánsdóttir, lektor við Árósháskóla, flytur fyrirlestur í Háskóla Íslands í viku móðurmálsins.

## Málþingið Móðurmál – mál málanna!

Föstudaginn 28. febrúar fór fram í Norræna húsinu málþingið Móðurmál – mál málanna!

Málþingið var sett með því að þrjú ungmenni buðu gesti velkomna á móðurmáli sínu og íslenskri þýðingu var varpað á skjá.

*Frummælendur voru:*

- Hólmfríður Garðarsdóttir, forseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda: „Tungumál eru sameign okkar allra – ræktum þau.“
- Renata Emilsson Pesková, formaður samtakanna Móðurmál: „Öll mál skipta máli – en fyrir hverja?“
- Hanna Ragnarsdóttir, prófessor í fjölmenningsfræðum á Menntavísindasviði: „Tungumál sem auðlind – fjölbreyttir kennarahópar.“
- Þorbjörg Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri Tungumálatorgs: „Dýrmætur tungumálaforði.“
- Jón Torfi Jónasson, prófessor við kennaradeild Menntavísindasviðs og formaður UNESCO-nefndarinnar.

Skipulagning og framkvæmd viðburðanna var í höndum Auðar Hauksdóttur, forstöðumanns SVF, Áslaugar Dóru Eyjólfsdóttur, aðalritara íslensku UNESCO-nefndarinnar, Friðu Bjarneyjar Jónsdóttur, verkefnisstjóra/ráðgjafa hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, Kristínar R. Vilhjálmsdóttur, verkefnisstjóra fjölmennings hjá Borgarbókasafni Reykjavíkur, Renötu Emilsson Pesková, formanns Móðurmáls – félags tvítyngdra barna, Rósu Bjargar Þorsteinsdóttur, verkefnisstjóra fjölmennings í grunnskóla, Þorbjargar Þorsteinsdóttur, verkefnisstjóra Tungumálatorgs við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, og Guðrúnar Kristinsdóttur, verkefnisstjóra SVF.

Myndböndin voru gerð af Ármanni Gunnarssyni, verkefnisstjóra á framkvæmda- og tæknisviði Háskóla Íslands.

Málþingið og gerð myndbandanna voru styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Hlýða má á fyrirlestra málþingsins og sjá myndböndin á [www.vigdis.hi.is](http://www.vigdis.hi.is)



Úr myndböndum.

## Frá hjara veraldar: Málþing til heiðurs Melittu Urbancic

Í tilefni af útgáfu tvímála ljóðabókarinnar *Frá hjara veraldar / Vom Rand der Welt* hjá SVF og Háskólaútgáfunni, stóð SVF í samvinnu við Reykjavík – Bókmenntaborg UNESCO og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn fyrir málþingi og sýningu til heiðurs austurrísku skáldkonunni, myndhöggvaranum og leikkonunni Melittu Urbancic, en hún var búsett á Íslandi frá árinu 1938. Málþingið fór fram í Þjóðarbókhlöðunni laugardaginn 8. mars og sama dag var þar opnuð sýning um ævi og verk Melittu Urbancic.

Í upphafi fluttu ávörp þau Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Sjón, formaður stjórnar Reykjavíkur – Bókmenntaborgar UNESCO.



Melitta Urbancic.

### Dagskrá:

- Kvartettinn Kvika flutti íslenska þjóðvísu við fornkvæðið *Svíalín og hrafninn* í þýskri þýðingu Melittu Urbancic. Útsetning: Victor Urbancic.
- Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingafraeði, flutti erindið: „'Bergmál minninganna.' Melitta Grünbaum / Makarska / Urbancic.“
- Sölvi Björn Sigurðsson þýðandi las ljóð eftir Melittu í eigin þýðingu. Sabine Leskopf flutti ljóðin á frummálinu, þýsku.
- Sibyl Urbancic, dóttir Melittu Urbancic flutti erindið: „Móðurmál.“
- Kvartettinn Kvika flutti íslensk þjóðlög við ljóðin *Látum af hárrí hamrabrún* (Matthías Jochumsson) og *Skjótt hefur sól brugðið* (Jónas Hallgrímsson) í þýðingu Melittu og útsetningu Victors Urbancic.
- Oddný G. Sverrisdóttir, prófessor í þýsku, flutti erindið: „Íslandsástríða“, þar sem fjallað var um hvernig austurríski rithöfundurinn Rudolf Habringer kynntist fyrir tilviljun lífi og starfi Urbancic-fjölskyldunnar sem síðan varð kveikjan að skáldsögu hans *Islandspassion* og rauði þráðurinn í henni.
- Angela Rawlings ljóðskáld flutti erindið: „BÝ – a talk about the 'útlendingaljóðskáld's' ecolinguistic activism through apiculture and Icelandic-language acquisition.“

Að málþinginu loknu opnaði Vigdís Finnbogadóttir sýningu um ævi og verk Melittu Urbancic. Mikið fjölmenni var á málþinginu og við opnun sýningarinnar.

Skipulag málþingsins var í höndum Kristínar Viðarsdóttur f.h. Reykjavíkur – Bókmenntaborgar UNESCO, í samvinnu við Ólaf Engilbertsson, fagstjóra Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns fyrir sýningahald og kynningarmál, og verkefnanefnd.

## Málþing og kynning á Taleboblen, Talhjálp í dönsku

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur stóð fyrir málþingi og kynningu á [www.taleboblen.hi.is](http://www.taleboblen.hi.is) laugardaginn 8. nóvember í Þjóðarbókhúðunni.

Taleboblen er tæki til að þjálfa danskt talmál, einkum framburð, í tölvuumhverfi. Tækið er sniðið að þörfum nemenda í dönskunámi í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi, og þróað í samvinnu fræðimanna við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Verslunarháskólans í Kaupmannahöfn, Fróðskaparseturs Færeyja, málráðs Grænlands og dönskukennara og nemenda þeirra í löndunum þremur. Á málþinginu var fjallað um kennslu dansks talmáls, máltækið kynnt og notkunarmöguleikar þess ræddir. Þá skýrðu dönskukennarar frá reynslu sinni af því að nota Taleboblen.

### Dagskrá:



Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku.

- Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku: „Hvorfor Taleboble?“
- Peter Juel Henriksen, dósent við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn: „Talebob – fra værksted til skolebord.“
- Anna Margrét Bjarnadóttir, dönskukennari við Víðistaðaskóla, og Margrét Karlsdóttir, dönskukennari við Hvaleyrarskóla: „Erfaringer med brug af Taleboblen i undervisningen.“
- Anna Margrét Bjarnadóttir, dönskukennari við Víðistaðaskóla: „Sprogindlæring og mundtlighed i folkeskolen i Island.“
- Trine Pauck Hansen, námsstjóri í dönsku á Grænlandi: „Dansk som andetsprog i den grønlandske folkeskole – Udfordringer i danskundervisning med fokus på elevernes tilegnelse af dansk talesprog.“
- Ulla Neumann, lektor við VUC Århus: „Udfordringer i udtaleundervisningen i dansk som andetsprog på HF enkeltfag.“

Verkefnið er styrkt af áætluninni Nordplus Sprog og Kultur og Norræna menningarsjóðnum.

Margrét Karlsdóttir, dönskukennari í Hvaleyrarskóla, leiðbeinir nemanda við að nota Taleboblen.







## *Latína er list mæt*: Orðastaður um íslenskar latínumenntir

Margir vinir og samstarfsfólk Sigurðar voru saman komin við þetta tækifæri.

Í tilefni af útgáfu bókarinnar *Latína er list mæt* eftir Sigurð Pétursson, lektor emeritus, hjá SVF og Háskólaútgáfunni (sjá útgáfu fræðiriti), bauð SVF til samræðu fimmtudaginn 20. nóvember um klassísk áhrif í íslenskum bókmenntum þar sem höfundur kynnti efni bókarinnar og sat fyrir svörum. Viðmælandi var Hjalti Snær Ægisson bókmenntafræðingur og annar ritstjóri bókarinnar ásamt Gunnari Marel Hinrikssyni.

Ásdís R. Magnúsdóttir prófessor setti dagskrána fyrir hönd ritnefndar stofnunarinnar. Hólmi Friður Garðarsdóttir, prófessor og forseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, flutti ávarp, sem og Auður Hauksdóttir, prófessor og forstöðumaður stofnunarinnar.

Að dagskrá lokinni var útgáfu bókarinnar fagnað með léttum veitingum. Skipulagning og framkvæmd viðburðarins var í höndum Hjalta Snæs Ægissonar bókmenntafræðings og Guðrúnar Kristinsdóttur, verkefnisstjóra SVF. Húsfyllir var í Hannesarholti við þetta tækifæri.

Að dagskrá lokinni var útgáfu bókarinnar fagnað með léttum veitingum. Skipulagning og framkvæmd viðburðarins var í höndum Guðrúnar Kristinsdóttur, verkefnisstjóra SVF. Húsfyllir var í Hannesarholti við þetta tækifæri.



Til vinstri: Hjalti Snær Ægisson bókmenntafræðingur og Sigurður Pétursson, lektor emeritus í grísku og latínu. Efst til hægri: Ásdís R. Magnúsdóttir prófessor opnaði viðburðinn fyrir hönd ritnefndar SVF. Neðst til hægri: Sigurður ártar bók sína. Stefano Rosatti, aðjunkt í ítölsku, býður með eintak.

# Pátttaka fræðimanna SVF á Hugvísindabíngi

---

Hugvísindabíng var haldið dagana 14. – 15. mars og tóku fræðimenn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur þátt í eftirtöldum málstofum:

## Minningar: Af kreppum og uppgjöri við fortíðina

- Irma Erlingsdóttir, dósent í frönskum samtímabókmenntum: „Vofur í pólitík: Saga, minni og Sihanouk prins.“

## Forsendur og tilgangur þýðinga

- Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku: „Upplýsingamiðlun eða áróður: Þýðingar ‚baráttuljóða‘ frá Rómönsku Ameríku.“

## Framúrstefnur — að fornu og nýju

- Stefano Rosatti, aðjunkt í ítölsku: „Kvenfrelsi og undirokun. Sérkennileg þverstæða hjá þremur ítölskum kvenrithöfundum í lok 19. aldar.“

## Chan / zen-búddismi: Tóm (,) tákn og trú

- Geir Sigurðsson, dósent í kínverskum fræðum: „Orðin tóm: Chan og daoismi.“
- Gunnella Þorgeirsdóttir, aðjunkt í japönsku máli og menningu: „Tómarúmið: Birtingarmyndir zen í japönsku myndmáli og hönnun.“

## Skotland, saga, bókmenntir og sjálfstæði

- Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingafræði: „Walter Scott og *Eyrbyggja saga*.“
- Ingibjörg Ágústsdóttir, lektor í 19.–20. aldar breskum bókmenntum: „Sjálfstæði Skotlands og skoska sögulega skáldsagan.“

## Dýr og menn í skáldskap

- Rebekka Þráinsdóttir, aðjunkt í rússnesku: „Samband manna og dýra í nokkrum smásögum Ljúdmílu Úlitskaju.“
- Kristín Guðrún Jónsdóttir, lektor í spænsku: „Dýr og kynjaverur í örsögum frá Rómönsku Ameríku.“
- Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönskum fræðum: „Dýrin í skóginum eru ekki vinir: Dýr í stað manna í frönskum ljóðsögum frá 12. öld.“
- Málstofustjóri: Erla Erlendsdóttir, dósent í spænsku.

## Samskiptasaga Danmerkur og Íslands í nýju ljósi

- Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku við Háskóla Íslands: „Sambúð dönsku og íslensku og viðhorf Dana til íslensku.“
- Sigurður Pétursson, lektor í grísku og latínu: „Tveir Gullfossar: Hlutverk þeirra og félagslegt gildi.“

### „Samlíðunin er uppspretta hins æðsta saungs“

- Þórhallur Eyþórsson, dósent í ensku: „Grettir og Glámur: Sjónarhorn í fornum texta og samlíðan nútímalesanda.“

### Máltileinkun og tungumálakennsla

- Pernille Folkmann, lektor í dönskum málvísindum: „Er dansk nøglen til det nordiske sprogfællesskab?“
- Ásta Ingibjartsdóttir, aðjunkt í frönsku: „Leiklist í tungumálanámi og nýjar leiðir í samskiptum nemenda og kennara. Persónur og leikendur.“

### Orð úr ýmsum áttum: Merkingarfræði, orðtök og frasar

- François Frans Heenen, aðjunkt í frönsku: „Kenningar Gustaves Guillaume (1883–1960) á sviði merkingarfræði sagnorða.“
- Erla Erlendsdóttir, dósent í spænsku: „Með hjartað í buxunum eða lúkunum: Um myndhverfingar í spænskum og íslenskum orðtökum og frösum.“
- Oddný G. Sverrisdóttir, prófessor í þýsku: „Hvernig leggja menn skóna á hilluna í þýsku? Notkun orðtaka í þýsku og íslensku.“

### Stakir fyrirlestrar

- Annemette Hejlsted, lektor í dönskum bókmenntum: „Genremødet i Kim Leines prisbelønnede roman *Profeterne i Evighedsfjorden* (2012).“

### Veggspjöld:

- Gauti Kristmannsson prófessor: „Robert Burns, þjóðskáldið óþýða.“
- Gauti Kristmannsson prófessor: „Melitta Urbancic, skáld, doktor og leikkona.“
- Þórhallur Eyþórsson dósent, Bjarki Karlsson doktorsnemi og Sigríður Sæunn Sigurðardóttir meistaranemi: „Greinir skáldskapar.“

## Evrópski tungumáladagurinn

Að venju var evrópski tungumáladagurinn haldinn hátíðlegur þann 26. september, í þetta sinn undir yfirskriftinni „Tungumálakunnátta er allra hagar“ með áherslu á gildi formálanna og almennrar tungumálakunnátta í víðasta samhengi. Í tilefni dagsins var efnt til málþings í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi í Lögbergi, þar sem eftirtaldir framsögumenn vörpuðu ljósi á ólík hlutverk latínu og latínukunnátta:

- Kolbrún Elfa Sigurðardóttir, latínukennari við Menntaskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands: „*Amo – amas – amat...*“
- Hjalti Snær Ægisson, stundakennari í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands: „Kvikupró kveðskaparins: Um latínu og íslenska bókmenntasögu.“
- Guðbjörg Þórisdóttir, meistaranemi í heimspeki við Háskóla Íslands: „Ólgandi líf í eldfornum tungum.“
- Viðar Pálsson, lektor í sagnfræði og réttarsögu við Háskóla Íslands: „Latínumenn og íslenskar fornsögur.“
- Adda Guðrún Gylfadóttir, nemi af formálabraut í Menntaskólanum í Reykjavík: „Hvers vegna formálabraut?“
- Reynir Tómas Geirsson, prófessor og yfirlæknir: „Frá formálum til nútímans í læknisfræði.“
- Atli Freyr Steinþórsson, dagskrárgerðarmaður hjá Ríkisútvarpinu: „*Hier spricht Reykjavík*: Hugleiðingar útvarpsmanns um tungumál og ljósvaka.“
- Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona: „Fjölyngi er fjölkyngi.“

Málþingið setti Vigdís Finnbogadóttir, velgjörðarsendiherra tungumála hjá UNESCO. Fundarstjórar voru Guðrún Tulinius, spænskukennari við Menntaskólann í Hamrahlíð og Sigurborg Jónsdóttir, þýskukennari í Borgarholtsskóla.

Skipulagning og framkvæmd málþingsins var í höndum Auðar Hauksdóttur, forstöðumanns SVF, Brynhildar Ragnarsdóttur, formanns STÍL, og Guðrúnar Kristinsdóttur, verkefnisstjóra SVF.

Fjöldi tungumálakennara og áhugafólks um tungumál og tungumálakennslu sóttu málþingið og var húsfyllir. Dagskrá málþingsins var styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Kolbrún Elfa Sigurðardóttir, latínukennari við Menntaskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands, flytur erindi fyrir fullum sal í Lögbergi. Við hlið hennar er Guðrún Tulinius, spænskukennari við Menntaskólann í Hamrahlíð, sem fór með fundarstjórn.



---

# FYRIRLESTRAR Á VEGUM SVF

---

## Vormisseri

- Anna Jeeves, aðjunkt á Menntavísindasviði: „Viðhorf til ensku á Íslandi.“ Háskólatorg, 28. janúar.
- David Hidalgo Rodríguez, nýdoktor í sagnfræði frá Háskólanum í Vigo á Spáni, og Noemí Cubas Martín, nýdoktor í sagnfræði frá Háskólanum í Salamanca á Spáni: Fyrirlestrar um ameríska nútímasögu og háskólasamfélagið á Spáni á endurreisnartímanum. Árnagarður, 5. febrúar.
- Enrique Bernárdez, þýðandi og prófessor við Complutense-háskóla í Madrid: „Þýðingar íslenskra bókmennta í suðri.“ Lögberg, 11. febrúar. Fyrirlesturinn var skipulagður í samvinnu við Rithöfundasamband Íslands.
- Annie Oehlerich, mannfræðingur og sérfræðingur í málefnum Bólívíu: „Opinber málstefna í Bólívíu“. Lögberg, 18. febrúar.
- David George, prófessor í klassískum fræðum og fornleifafræði við Saint Anselm College í New Hampshire í Bandaríkjunum, og Claudio Bizzarri, forstöðumaður Parco Archeologico ed Ambientale dell' Orvietano á Ítalíu: „Excavation, Field Schools and Pedagogy“ og „Using Archaeological Parks as Public Teaching and Research Tool: a Case Study.“ Árnagarður, 3. mars.
- Erik Skyum-Nielsen, lektor í dönskum bókmenntum við Kaupmannahafnarháskóla: „En nyklassiker i dansk lyrik. Inger Christensens sonetkrans 'Sommerfugledalen' læst æstetisk og naturfilosofisk.“ Norræna húsið, 8. mars.
- Kimberly Chopin, doktorsnemi við Center for Internationalisering og Parallelsproglighed við Kaupmannahafnarháskóla: „Tungumálanotkun í háskólaumhverfi.“ Askja, 11. mars.



Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, og Kimberley Chopin, doktorsnemi við Kaupmannahafnarháskóla.

## Haustmisseri

- Viola G. Miglio, dósent í málvísindum við spænsku- og portúgölskudeild Kaliforníuháskóla í Santa Barbara og gestadósent við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda: „You can't read if you can't count: New approaches to (medieval, Icelandic, etc.) literature“. Oddi, 11. september.
- Richard Wilson, Sir Peter Hall Professor of Shakespeare Studies við Kingston-háskóla í Lundúnum: „Come Unto These Yellow Sands: Shakespeare's Other Heading.“ Oddi, 17. nóvember.



Richard Wilson, prófessor við Kingston-háskóla í Lundúnum.

---

# ÚTGÁFA FRÆÐIRITA

---

## *Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu / Milli mála – Journal of Language and Culture*

ISSN 2298-1918 (prentuð útgáfa)

ISSN 2298-7215 (rafræn útgáfa)



*Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu* er gefið út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands. Tímaritið kom fyrst út árið 2009, þá sem ársrit stofnunarinnar en var breytt árið 2012 í tímarit um erlend tungumál og menningu. Tímaritið er rafrænt og birtist árlega á Open Journal Systems vef Háskóla Íslands: <https://ojs.hi.is/millimala>.

*Milli mála* birtir ritryndar fræðigreinar á íslensku, dönsku, norsku, sænsku, ensku, frönsku, spænsku og þýsku á sviði erlendra tungumála, bókmennta, þýðinga, málvísinda og menntunarfræði en einnig birtir tímaritið þýðingar, viðtöl, ritdóma eða bókakynningar eftir því sem rúm leyfir hverju sinni. Ritstjórar eru Ásdís R. Magnúsdóttir og Þórhallur Eyþórsson.

Í hefti ársins 2014 er fjallað um dönskukunnáttu Íslendinga á 19. öld, frönsku þátíðina *imparfait* og samspil kynjamunar, pólitíkur og skáldskapar í verki franska rithöfundarins Hélène Cixous. Einnig er þar að finna túlkun á skáldsögunni *Marie. En roman om Madame Tussauds liv* eftir dönsku skáldkonuna Dorrit Willumsen og umfjöllun um nærveru og heimspekilega fagurfræði í verkinu *Perlmanns Schweigen* eftir svissneska rithöfundinn Pascal Mercier. Í heftinu eru einnig þýðingar á tveimur smásögum Alexanders Púshkín, *Likkistusmiðnum* og *Skotinu*, og smásögunni *Hinn ungi herra Brown* eftir Nathaniel Hawthorne. Að lokum birtir *Milli mála* yfirlit um rússnesk ljóð í íslenskum þýðingum. Ritstjóri heftisins var Ásdís R. Magnúsdóttir.

Á árinu fór fram undirbúningsvinna við að gefa út *Milli mála* í opnum aðgangi á netinu og eru nú allir árgangar tímaritsins aðgengilegir á vefsíðunni Open Journal System við Háskóla Íslands, [ojs.hi.is/millimala](https://ojs.hi.is/millimala), og á vefsíðu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, [timarit.is/](https://timarit.is/).

## *Latína er list mæt*



*Latína er list mæt* er úrval greina Sigurðar Péturssonar um latínumenntir Íslendinga á tímabilinu 1550–1800, alls 14 greinar. Í bókinni, sem gefin var út síðla árs af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfunni, er fjallað um fjölda latneskra kvæða eftir íslenska höfunda og allnokkur kvæði birt í tvímála útgáfum ásamt umfjöllun og skýringum. Rætt er um nám í latneskri málfræði, latínumenntun kvenna, þýðingu latínukunnáttu í embættiskerfi fyrri alda, klassísk stef í meðförum íslenskra skálda og aðlögun latneskra bókmenntaforma að íslenskum veruleika. Bókinni fylgir kvæðaskráin *Index carminum ab Islandis latine compositorum* sem geymir brag- og bókfræðilegar upplýsingar um latínukvæði íslenskra skálda í aldanna rás. Ritstjórar voru þeir Gunnar Marel Hinriksson og Hjalti Snær Ægisson.

Útgáfa bókarinnar var styrkt af Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Miðstöð íslenskra bókmennta og Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar.


## ***Rangan og réttan – Brúðkaup – Sumar: Þrjú ritgerðasöfn***

Út kom í lok árs hjá SVF og Háskólaútgáfunni bókin *Rangan og réttan – Brúðkaup – Sumar: Þrjú ritgerðasöfn* eftir franska rithöfundinn og heimspekinginn Albert Camus, í íslenskri þýðingu Ásdísar R. Magnúsdóttur.

Albert Camus var einn af þekktustu rithöfundum Frakka á 20. öld. Hann hóf rithöfundarferil sinn sem blaðamaður og ritgerðasmiður og fyrsta útgefna verk hans var ritgerðasafnið *Rangan og réttan* (*L'envers et l'endroit*) sem kom út í Algeirsborg árið 1937. *Brúðkaup* (*Noces*) kom út tveimur árum síðar en *Sumar* (*L'été*) árið 1954. Í þessum þremur verkum, sem hér birtast í íslenskri þýðingu, má finna skáldlegustu skrif Camus. Þar fléttar höfundurinn saman endurminningar og hugleiðingar um manninn og veröldina sem hann er hluti af.

Bókin er þriðja verkið sem út kemur í einmála ritröð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Ritstjóri var Rebekka Þráinsdóttir.

Útgáfa bókarinnar er styrkt af Miðstöð íslenskra bókmennta og Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar.



## ***Frá hjara veraldar / Vom Rand der Welt***

Ljóðabókin *Frá hjara veraldar / Vom Rand der Welt* eftir Melittu Urbancic kom út í tvímála ritröð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfunnar. Þýðandi ljóðanna á íslensku er Sölvi Björn Sigurðsson en eftirmála ritaði Gauti Kristmannsson prófessor sem einnig sá um ritstjórn.

Melitta Urbancic, fædd Grünbaum (1902–1984) leitaði hælís á Íslandi árið 1938 ásamt eiginmanni sínum, tónvísindamanninum, tónskáldinu og hljómsveitarstjóranum Victor Urbancic (1903–1958) og börnum þeirra. Fjölskyldan fluttist hingað frá heimalandinu, Austurríki, eftir valdatöku nasista, en Melitta var af gyðingættum. Bæði hafa þau hjónin markað varanleg spor í menningarlíf Íslendinga.

Ljóðabókina *Vom Rand der Welt* skrifaði Melitta um reynslu sína af útleigðinni á Íslandi en bókin kemur nú út í fyrsta sinn. Melitta má heita óþekkt sem höfundur nema meðal þeirra sem hafa rannsakað verk fólks í útleigð.

Útgáfa bókarinnar var styrkt af Miðstöð íslenskra bókmennta, Mannréttindaráði Íslands og Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar.




## Styrkir til útgáfu úr Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur veitti styrk að upphæð 1,6 milljón króna til að standa straum af útgáfu tímaritsins *Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu* og bókarinnar *Latína er list mæt* (sjá útgáfu fræðirita).


Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur var stofnaður árið 2003. Hlutverk hans er að renna styrkum stoðum undir starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og stuðla að vexti og viðgangi stofnunarinnar. Þetta er í þriðja sinn sem Styrktarsjóðurinn úthlutar styrkjum til útgáfu á vegum stofnunarinnar.

Stjórnarformaður Styrktarsjóðsins er frú Vigdís Finnbogadóttir, fv. forseti Íslands, en aðrir sem eiga sæti í stjórn hans eru Ásmundur Stefánsson, fv. bankastjóri, Hrönn Greipsdóttir, fjárfestingastjóri hjá Arev verðbréfafyrirtæki hf., Ragnheiður Jóna Jónsdóttir, stjórnarformaður og forstöðumaður Hannesarholts, Salvör Jónsdóttir skipulagsfræðingur, Sigurður Helgason, stjórnarformaður Icelandair, Vésteinn Ólason prófessor og Þórður Sverrisson, fv. forstjóri Nýherja. Þórður Sverrisson sagði sig úr stjórn snemma árs en þá hafði hann setið í stjórn styrktarsjóðsins frá upphafi. Kann stofnunin honum þakkar fyrir framlag hans.

## Fræðirit starfsmanna SVF hjá öðrum forlögum



Út kom í Mexíkó bókin *Bandoleros santificados. Las devociones a Jesús Malverde y Pancho Villa* eftir Kristínu Guðrúnu Jónsdóttur, lektor í spænsku. Bókin fjallar um alþýðudýrtinga í Rómönsku Ameríku, einkum mexíkósku alþýðudýrtingana Jesús Malverde og Pancho Villa. Ýmiss konar textar sem hafa orðið til við tignun þeirra eru teknir fyrir sem og hvernig helgimyndir þeirra hafa breyst í kjölfar vaxandi vinsælda á undanförunum árum. Auk þess er ítarlegur kafli um hvernig páfádomur metur heilagleika og hvernig alþýðudýrtingum reiðir af innan sem utan kirkjunnar. Þar kemur í ljós að greinilegur stéttarmunur er milli hinna áhrifalaus og þeirra sem valdið hafa. Í lok bókar eru hugleiðingar um alþýðutrú, eins og Vatíkanið nefnir oft kaþólska trú í Rómönsku Ameríku, og hvort hugtakið eigi rétt á sér eða ekki. Rannsóknastofnanirnar El Colegio de la Frontera Norte (COLEF) og El Colegio de San Luis (COLSAN) gefa bókina út í sameiningu. Bókin er 246 bls.



Út kom í Bandaríkjunum bókin *Esotericism and Occultism in the Works of the Austrian Poet Rainer Maria Rilke: A New Reading of His Texts* eftir Gísli Magnússon, lektor í dönskum bókmenntum. Um er að ræða styttri og endurunna útgáfu á doktorsritgerð Gísli sem fjallar um áhrif dulspeki á verk austurríska ljóðskáldsins Rainers Maria Rilke. Bókin er gefin út af Edwin Mellen Press í Lewiston í New York-fylki og er 260 bls.



---

# ÞÝÐINGAVERK STARFSMANNA SVF

---

## Íslendingasögurnar á dönsku, norsku og sænsku

Út kom hjá Saga forlag heildarútgáfur í fimm bindum á Íslendingasögum og þáttum á dönsku, norsku og sænsku.

Gísli Magnússon, lektor í dönskum bókmenntum, þýddi fimm Íslendingasögur og fjóra þætti á dönsku í *De islandske sagaer* í ritstjórn Annette Lassen: *Kjalnesinga sögu*, *Vopnfirðinga sögu*, *Þorsteins sögu hvíta*, *Valla-Ljóts sögu*, *Reykðæla sögu* og *Víga-Skútu*, *Þiðranda þátt og Þórhalls*, *Þórarins þátt ofsa*, *Þorsteins þátt uxafóts* og *Þorvalds þátt tasalda*. Danskir titlar eru *Kølnæsboernes saga*, *Våbenfjordingernes saga*, *Torsten Hvides saga*, *Ljot fra Voldenes saga*, *Røgdølernes* og *Dræber-Skudes saga*, *Totten om Tidrende* og *Torhal*, *Totten om Toraren den Overmodige*, *Totten om Torsten Okseben* og *Totten om Torvald Tasalde*.

Gro-Tove Sandmark, sendikennari í norsku, þýddi tvær Íslendingasögur og einn þátt á norsku í *Íslendingesagaene: samtlige sagaer og førtini tættar* í ritstjórn Jans Ragnars Hagland og Jons Gunnars Jørgensen: *Hænsna-Þóris sögu*, *Bjarnar sögu Hitdælakappa* og *Svaða þátt* og *Arnórs Kellinganefs*. Norskir titlar eru *Hønse-Tores saga*, *Sagaen om Bjørn Hitdølakjempe* og *Tåtten om Svade* og *Arnor Kjerringnese*.



## Videnskab og religion


Þýðing Gísla Magnússonar, lektors í dönskum bókmenntum, á bókinni *The Marriage of Sense and Soul* eftir Ken Wilber kom nýverið út hjá bókaforlaginu Klim í Árósum. Danskt heiti bókarinnar er *Videnskab og religion*.



## Voces de Islandia: Micro-Antología

Safnritið *Voces de Islandia: Micro-Antología* í þýðingu Hólmfríðar Garðarsdóttur, prófessors í spænsku, var gefið út á árinu hjá argentíska forlaginu Milena Cacerola í Buenos Aires. Um er að ræða úrval smásagna eftir íslenska höfundu í tvímála útgáfu á íslensku og spænsku.





## *Of Icelandic Nobles and Idiot Savants*

Úrval verka eftir Þórberg Þórðarsson í enskri þýðingu Júlíans Meldon D'Arcy, prófessors í ensku, og Hallbergs Hallmundssonar kom út á árinu hjá forlaginu Brú. Enskur titill bókarinnar er *Of Icelandic Nobles and Idiot Savants: An Anthology of the Writings of the Novelist, Essayist, and Humorist Þórbergur Þórðarson*.

## *Inside Voices: Outside Light*

Safn ljóða eftir Sigurð Pálsson í enskri þýðingu Martins Regal, dósentis í ensku, var gefið út á árinu hjá bresku útgáfunni Arc Publications í Todmorton. Enskur titill þýðingarinnar er *Inside Voices: Outside Light*.



## *L'eccezione*

Þýðing Stefános Rosattí, aðjunktis í ítölsku, á skáldsögunni *Undantekningunni* eftir Auði Övu Ólafsdóttur var gefin út á árinu hjá ítalska forlaginu Einaudi í Tórínó. Ítalskur titill bókarinnar er *L'eccezione*.

# Minning – Ingjaldur Hannibalsson

Ingjaldur Hannibalsson prófessor lést hinn 27. október langt um aldur fram.

Ingjaldur Hannibalsson talaði fyrir mikilvægi tungumála og menningarlæsis og var ómetanlegur bakhjarl Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Hann sat í byggingarnefnd stofnunarinnar frá upphafi, var í stjórn Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands og stjórnarformaður Asíuseturs. Við ótímabært fráfall hans er starfsfólki stofnunarinnar efst í huga einlægt þakklæti fyrir trausta vináttu hans og ómetanlega liðveislu.



Í minningargrein um Ingjald skrifuðu þær Vigdís Finnbogadóttir og Auður Hauksdóttir m.a.:

„Ingjaldur var drengur góður, skarpgreindur og vandaður til orðs og æðis. Hann unni fögrum listum, ekki síst tónlist, og nærði hugann með því að hverfa inn í heim lista og menningar, hvenær sem tækifæri gafst. [...]

Fáir áttuðu sig betur á því en Ingjaldur, hve mikilvæg tungumálakunnátta og menningarþekking er fámennri þjóð, sem á heill sína og hagsæld undir farsælum samskiptum við umheiminn. Ingjaldur Hannibalsson var víðsýnn maður og heimsborgari af bestu gerð. Hann stundaði doktorsnám í Bandaríkjunum, fór fyrir Útflutningsráði, og var víðfórullur en nokkur annar Íslendingur. Sem framkvæmdastjóri Útflutningsráðs sinni hann landkynningu, þar sem hann þurfti að átta sig á hvað við hefðum að gefa og færa öðrum þjóðum í menningu og viðskiptum. Alþjóðleg reynsla sýndi svo ekki varð um villst að vits er þörf þeim er víða ratar, og að ein mikilvægasta forsenda jákvæðra samskipta og árangurs í margbrotnum og ögrandi heimi er að búa yfir nægri þekkingu og innsæi til að geta nálgast viðmælanda sinn á hans forsendum. Af þessum sökum var Ingjaldi mikið í mun að stúdentar í öllum fræðigreinum ættu þess kost að tileinka sér erlend tungumál og læra um menningu annarra þjóða, svo þeir gætu hver á sínu sviði náð þeim árangri sem þeir stefndu að og aukið um leið hróður sinn og Íslands um víða veröld.“

Í minningargrein Hólmfríðar Garðarsdóttur, forseta Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda segir m.a.:

„Innan Háskóla Íslands barðist Ingjaldur fyrir því að tungumál væru kennd við deildir og greinar þar sem nám lýtur að alþjóðasamskiptum og viðskiptum því hann taldi að með hæfni í tungumálum öðlaðist fólk menningarlegt innsæi og að slíkt væri forsenda farsælla samskipta. Ingjaldur lagði mörg lóð á vogarskálar tungumálanáms og -kennslu við skólann. Hann beitti sér mjög fyrir því að Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands yrði að veruleika en þar gefst nemendum við allar deildir og starfsmönnum skólans kostur á að stunda nám í tungumálum. Framlag hans til stefnumótunar og starfsemi miðstöðvarinnar verður seint fullþakkað.“

Ingjaldur hafði sérstakt dálæti á löndum Asíu, ekki síst Kína sem hann heimsótti fjölmörgum sinnum. Hann var stjórnarformaður Asíuseturs Íslands sem komið var á laggirnar árið 2005 og sat í stjórn Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa allt frá stofnun hennar árið 2008. Ingjaldur sýndi kínverskum fræðum ævinlega mikinn stuðning og tók m.a. virkan þátt í samstarfinu við Ningbo-háskóla um sameiginlega námsgráðu í viðskiptatengdri kínversku sem nú er í bígerð.

Samstarfsfólk Ingjalds, ekki síst við í Deild erlendra tungumála, hefur misst góðan vin, mikilvægan talsmann tungumála, kíminn, hugmyndaþróun og ávallt uppbyggilegan kollega. Hans verður minnst með virðingu og þakklæti.“

---

# ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

---

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og margir starfsmenn hennar taka þátt í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum og samstarfsnetum sem njóta oft styrkja frá erlendum rannsóknasjóðum. Slík verkefni eru mikilvæg fyrir stofnunina þar sem þau efla alþjóðlegt rannsóknasamstarf og stuðla að miðlun þekkingar milli landa. Stofnunin var í forsvari fyrir eitt slíkt net og átti aðild að stjórn tveggja alþjóðlegra neta.

## Taleboblen – Talhjálp við dönskunám



Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku, fer fyrir norrænum rannsóknarhópi sem vinnur að þróun talhjálpar sem er ætlað að auðvelda Færeyingum, Grænendingum og Íslendingum að læra danskt talmál og tjá sig á dönsku. Markmiðið er að skoða hvaða þættir dansks talmáls valda erfiðleikum og hvernig hægt er að mæta ólíkum þörfum í tengslum við tileinkun talmáls og þá einkum framburðar á dönsku (sjá [www.taleboblen.hi.is](http://www.taleboblen.hi.is)). Aðrir þátttakendur í rannsókn- og þróunarverkefninu eru Peter Juel Henriksen, dósent í tölvumálvísindum við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, Katti Frederiksen, fræðimaður við málráð Grænlands, og Jónhard Mikkelsen, lektor við Fróðskaparsetur Færeyja, auk Guðrúnar Haraldsdóttur, arkitekts og BA í dönsku, og Önnu Margrétar Bjarnadóttur, cand.mag. og cand.pæd. í dönsku. Einnig hafa tölvufræðinemarnir Tumi Snær Gíslason og Gezim Haziri tekið þátt í verkefninu ásamt fimm dönskukennurum í grunn- og framhaldsskólum á Grænlandi, Íslandi og í Færeyjum og nemendum þeirra. Verkefnið er styrkt af Nordplus Sprog og Kultur-áætluninni og Norræna menningar-sjóðnum.



Frá fundi norræna rannsóknarhópsins í nóvember, frá vinstri: Hanne Ghebrelul, dönskukennari á Grænlandi, Sinéad McCarron, meistaranemi í hönnunarfræðum við Listaháskóla Íslands, Jónhard Mikkelsen, lektor við Fróðskaparsetur Færeyja, Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku, Ann Ellefsen, dönskukennari í Færeyjum, Margrét Karlsdóttir, dönskukennari við Hvaleyrarskóla, Mia Louw Værndal, nemi í tölvunarfræðum við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, Guðrún Haraldsdóttir, arkitekt og BA í dönsku, og Peter Juel Henriksen, dósent við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn.

## *campUSCulturae*

Stofnunin hefur tekið þátt í evrópska samstarfsnetinu campUSCulturae um fjölyngi og fjölmenningu. Þar er fengist við rannsóknir á barnabókmenntum og barnamenningu, ásamt varðveislu menningar minnihlutahópa sem margir hverjir tala tungumál sem eiga í vök að verjast. Aðilar í samstarfsnetinu, sem styrkt er af Menningaráætlun Evrópusambandsins, eru Minority Studies Society Studii Romani í Búlgaríu, CHE Consult GmbH í Þýskalandi, Háskólinn í Łódź í Póllandi, og portúgölsk félagasamtök í menningar- og menntamálum sem nefnast Ponte... nas ondas! Umsjón með verkefninu er í höndum Háskólans í Santiago de Compostela á Spáni. Fulltrúi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í samstarfsnetinu er Gro Tove Sandsmark, sendikennari í norsku.

## Alþjóðlegt rannsóknanet um erfðarmál

Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, situr í stjórn alþjóðlegs tengslanets fræðimanna sem stunda rannsóknir á upprunatungumálum innflytjenda og afkomenda þeirra. Aðrir í forsvari fyrir rannsóknanetið eru Janne Bondi Johannessen, prófessor við Háskólann í Osló, Michael Putnam, lektor við Penn State University í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum, og Joseph Salmons, prófessor við University of Wisconsin í Madison í Bandaríkjunum.

## *Icelandic Online*

*Icelandic Online* eru vefnámskeið sem ætluð eru fyrir nemendur í íslensku sem öðru máli. *Icelandic Online* er samstarfsverkefni námsleiðarinnar Íslenska sem annað mál, Hugvísindastofnunar, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Björgvinjarháskóla og Helsinkiháskóla. Olga Hołownia, Daisy L. Neijmann og Jón Karl Helgason eru ritstjórar efnisins, auk þess sem Mark Berge hefur haft umsjón með tæknilegum þáttum þess. Verkefnisstjóri *Icelandic Online* er Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum.

Ríkisútvarpið, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og fjöldi höfunda hafa lagt þessu verkefni lið en það hefur einnig notið fjárhagsstuðnings frá Nordplus Sprog-áætluninni og Kennslumálasjóði Háskóla Íslands.

## Bragi - óðfræðivefur

Gro-Tove Sandsmark, sendikennari í norsku, Kristján Eiríksson, emeritus við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og Bjarki Karlsson, doktorsnemi í íslenskri málfræði, eru í samstarfi við norsku fræðimennina Klaus Johan Myrvoll, doktorsnema við Háskólann í Osló, og Ingeborg Huus Christensen, kennara við framhaldsskólann í Andøy í Noregi, um Skalde-Brage, norska útgáfu af Braga – óðfræðivef. Á vefnum er að finna braggreind ljóð og vísur, upplýsingar um höfunda og útgáfu og hægt er að leita að ýmsum þáttum ljóðanna eða tengja þá saman. Ritstjórar norsku útgáfunnar eru þau Gro-Tove Sandsmark og Kristján Eiríksson.

## Samstarf við AFS um rannsóknir á menningarlæsi

Samstarfssamningur milli AFS á Íslandi og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur um rannsóknir á menningarlæsi í tengslum við skiptinám erlendra ungmenna sem dvelja á Íslandi og íslenskra ungmenna sem dvelja erlendis var undirritaður hinn 8. nóvember sl. Viðburðurinn fór fram í höfuðstöðvum UNESCO í París, þar sem þess var minnst að 100 ár eru liðin frá stofnun AFS-samtakanna. Samningurinn felur í sér fjárstyrk að upphæð kr. 1.250.000 til að rannsaka menningarlæsi á árinu 2015. Í samningnum er kveðið á um fjögurra manna samstarfsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá hvorum aðila. Fulltrúar SVF eru Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, og Gunnella Þorgeirsdóttir, aðjunkt í japönsku.

## Rafræn orðabók milli íslensku og frönsku í undirbúningi

Sendiráð Frakklands á Íslandi, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum undirrituðu þann 5. mars samkomulag um undirbúning að gerð íslensk-franskrar orðabókar en slík orðabók kom síðast út árið 1950. Verkefnið hafði áður hlotið styrk frá efri deild franska þingsins, að upphæð 10.000 evrur, sem var ætlað að standa straum af kostnaði við undirbúningsvinnuna, auk þess sem sendiráðið lagði til starfsmann. Með verkefninu er lagður grunnur að stærra orðabókarverki milli íslensku og frönsku sem byggist á orðabókargrunninum ISLEX sem unninn hefur verið hjá Stofnun Árna Magnússonar og hefur að geyma 50.000 orð ásamt fjölda dæma og orðasambanda.

Starfsmenn undirbúningsverkefnisins eru Rósa Elín Davíðsdóttir, doktorsnemi í orðfræði við námsleið í frönskum fræðum og Sorbonne-háskóla, og Maxence Dupuis, meistaranemi við Sorbonne-háskóla. Ritstjórar íslenska orðagrunnsins, Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir á orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar, höfðu umsjón með íslenska hluta verkefnisins, en Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, og Rósa Elín Davíðsdóttir með franska hlutanum. Undirbúningsverkefninu lauk á árinu með viðbótarframlagi frá Rothschild-bankanum, sem kom til í tengslum við kynningu á Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í Frakklandi árið 2008.



Við undirritun samnings um undirbúning að gerð íslensk-franskrar orðabókar, frá vinstri: Maxence Dupuis, meistaranemi við Sorbonne-háskóla, Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, Kristín Bjarnadóttir rannsóknarlektor, Halldóra Jónsdóttir verkefnisstjóri og Þórdís Úlfarsdóttir ritstjóri, allar þrjár á orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar, Guðrún Kristinsdóttir, verkefnisstjóri SVF, Ásta Ingibjartsdóttir, aðjunkt í frönsku, Rósa E. Davíðsdóttir, doktorsnemi í orðfræði, Marc Bouteiller, sendiherra Frakka á Íslandi, Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, Vigdís Finnbogadóttir, velgjörðasendiherra UNESCO fyrir tungumál, og Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar.

## Doktorsvörn við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

Föstudaginn 14. nóvember fór fram önnur doktorsvörn við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda. Þá varði Árný Aurangasri Hinriksson doktorsritgerð sína „Dissident Voices: Sociocultural Transformations in Sri Lankan Post-Independence Novels in English“, eða „Andófsraddir: Félagsmenningarlegar umbyltingar í skáldsögum á ensku frá Sri Lanka að fengnu sjálfstæði.“

Andmælendur voru Chelva Kanaganayakam, prófessor við Háskólann í Toronto í Kanada, og Hartmut Lutz, prófessor emeritus við Háskólann í Greifswald í Þýskalandi. Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, prófessor í enskum bókmenntum, var aðal-leiðbeinandi doktorsefnisins en í doktorsnefnd sátu auk hennar Walter Perera, prófessor við Peradeniya-háskóla í Sri Lanka, og Martin Regal, dósent í ensku. Hólmfríður Garðarsdóttir deildarforseti stjórnaði athöfninni sem fram fór í Hátíðasal Háskólans.



Árný Aurangasri Hinriksson við doktorsvörn sína.

## Doktorsvörn Gunnellu Þorgeirsdóttur

Gunnella Þorgeirsdóttir, aðjunkt í japönsku máli og menningu, varði doktorsritgerð sína í Austur-Asíufræðum við Sheffield-háskóla í Englandi þann 13. nóvember. Ritgerðin nefnist „Childbearing in Japanese Society: Traditional Belief and Contemporary Practices“ og er þjóðfræðileg rannsókn á helgisiðum tengdum barneignum í Japan.

Andmælendur voru Marion Bowman, dósent í trúarbragðafræði við The Open University, og Graham Healey, prófessor í japönskum fræðum og tungu við Sheffield-háskóla. Leiðbeinandi var James H. Grayson, prófessor emeritus í Austur-Asíufræðum við Sheffield-háskóla.



Gunnella Þorgeirsdóttir, ásamt leiðbeinanda sínum, James H. Grayson, prófessor emeritus við Sheffield-háskóla.

---

# AÐRIR VIÐBURÐIR

---

## Japanshátíð

Að venju stóð námsleið í japönskum fræðum að Japanshátíð í samvinnu við sendiráð Japans á Íslandi. Japanshátíðin fór fram á Háskólatorgi laugardaginn 1. febrúar. Þar bauðst gestum að kynna japanskri menningu frá ólíkum hliðum, syngja karaoke, hlýða á japanska popptónlist og taka þátt í tölvuleikjum. Sýndar voru japanskar bardagalistir og blómaskreytingalist og spiluð lifandi tónlist. Mikið fjölmenni sótti hátíðina.



Af Japanshátíð á Háskólatorgi.

## Café Lingua

Café Lingua er tungumálavettvangur á vegum Borgarbókasafns Reykjavíkur, sem Kristín R. Vilhjálmssdóttir er í forsvari fyrir. Undanfarin ár hefur Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda átt farsælt samstarf við Borgarbókasafn Reykjavíkur um viðburði á vegum Café Lingua. Á árinu voru skipulögð fimm tungumálatorg í samvinnu við einstakar námsleiðir eða stúdenta.



Fjölmennnt var á *Date a Language*-tungumálatorgunum í Stúdentakjallaranum.



Tungumálatorg um norræn tungumál voru haldin tvisvar á árinu í samstarfi við Norræna húsið og námsleiðir í dönsku, norsku og sænsku við Háskóla Íslands.

Tungumálatorgið „Lad det swinge! Hljómur norðursins í orðum og tónum“ fór fram í Norræna húsinu fimmtudaginn 13. febrúar. Varpað var ljósi á sameiginlegar rætur Norðurlandabúa ásamt ólíkri Eurovision-menningu.

Tungumálatorg um múmínálfana var haldið í Norræna húsinu fimmtudaginn 13. nóvember. Hildur Ýr Ísberg, doktorsnemi í almennri bókmenntafræði, flutti fyrirlestur um kynhlutverk í bókum Tove Jansson og Malin Barkelind, stundakennari í sænsku, las kafla úr skáldsögunni „Pappan och havet“. Gestir gátu tekið þátt í getrauninni „Mummitroldene og deres nordiske venner“ og boðið var upp á veitingar í anda Múmínmömmu. Þá var hægt að skoða sýningu tileinkaða Tove Jansson og Múmínálfunum í Barnahelli Norræna hússins.

Japanskt tungumálatorg fór fram á Háskólatorgi fimmtudaginn 10. apríl í samstarfi við námsleiðir í japönsku við Háskóla Íslands. Þar kynntu japönskunemar ýmis atriði sem tengjast japönsku máli og menningu.

„Tungumál á torgi“ fór fram á Háskólatorgi fimmtudaginn 13. mars í samstarfi við námsleiðir í íslensku sem öðru máli og Íslenskuþorpið við Háskóla Íslands. Nemendur í námsleiðinni íslenska sem annað mál kynntu móðurmál sitt og gestum gafst tækifæri til að spreyta sig á tungumálum víðs vegar að og kynnst um leið fjölbreyttri menningu. Fimmtudaginn 9. september stóðu sömu aðilar fyrir Stefnumóti tungumála og tungumálanemenda í Stúdentakjallaranum. Viðburðurinn var nefndur *Date a Language* og var skipulagður í samvinnu við nemendur í námsleiðinni íslenska sem annað mál og nemendur í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.

Tungumálatorgin voru öll afbragðsvel heppnuð enda kærkomið tækifæri til að blanda geði og deila og/eða spreyta sig á tungumálum.



Til vinstri: Pernille Folkmann, lektor í dönsku, og aðrir þátttakendur í getrauninni „Mummitroldene og deres nordiske venner“. Til hægri: Origami-kennsla á japönsku tungumálatorgi.

## Vika ítalskrar tungu og menningar

Dagana 16. október til 27. nóvember stóðu nemendafélagið Marco Polo og námsleiðir í ítölsku við Háskóla Íslands í samvinnu við SVF fyrir kvikmyndakvöldum í tilefni af Viku ítalskrar tungu og menningar. Kvikmyndasýningarnar voru haldnar með framlagi frá sendiráði Ítalíu í Osló.

## Ljósmyndasýningin „Mengun í lífkerfi sjávar – Verur í viðjum“



Eitt verkanna á sýningunni.

Ljósmyndasýning spænsku listakonunnar Maribel Longueira var opnuð á Háskólatorgi föstudaginn 2. maí og stóð í þrjár vikur. Á sýningunni var augum beint að mengun sjávar og hvernig það vandamál birtist í formi sjórekens rusls sem finna má á ströndum landa. Listakonan er rætur að rekja til Galísíu á norðurvestanverðum Spáni, en þar eru fiskveiðar undirstaða atvinnulífs og menningar. Galísíska skáldið Francisco X. Fernández Naval og íslensk-galísíska skáldið Elías Knörr fluttu nokkur ljóð sem tengdust efni sýningarinnar.

Sýningin var styrkt af þróunarsjóði EFTA-EES og var haldin í samvinnu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, námsleiðar í spænsku, Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Bókasafns Háskólans á Akureyri.

## *Icelandic Online* hlaut viðurkenningu á degi íslenskrar tungu

Á degi íslenskrar tungu voru að venju veittar viðurkenningar fyrir mikilvæg störf í þágu íslenskrar tungu. Að þessu sinni hlaut vefnámskeiðið *Icelandic Online* sérstaka viðurkenningu.

Eins og kunnugt er, var Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, einn helsti hvatamaður þessa frumkvöðlaverkefnis og hún hefur verið formaður verkefnisstjórnar frá upphafi.

Vefnámskeiðið *Icelandic Online* er sérhannað til kennslu íslensku sem annars og erlends máls og hefur skapað áður óþekkt tækifæri fyrir útlendinga til íslenskunáms. Virkir notendur eru nú rúmlega 40 þúsund og leggja þeir stund á íslenskunám sitt víðsvegar í heiminum. Aðgangur að vefnámskeiðinu [www.icelandiconline.is](http://www.icelandiconline.is) er öllum opin og notkun þess ókeypis.

Afhending viðurkenningarinnar fór fram í lðnó laugardaginn 15. nóvember í tilefni af degi íslenskrar tungu, en þá voru einnig veitt verðlaun Jónasar Hallgrímssonar.

Frá afhendingu viðurkenninga á degi íslenskrar tungu, frá vinstri: Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, og Úlfar Bragason, rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, fyrir *Icelandic Online*, Lára Aðalsteinsdóttir og Kristín Viðarsdóttir, fyrir Lestrarhátíð í bókmenntaborg sem einnig hlaut viðurkenningu á þessum degi, Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra og Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur sem hlaut verðlaun Jónasar Hallgrímssonar.



## Danskt-íslenskt gagnasafn

Samkomulag um að koma á fót dansk-íslensku gagnasafni, DAN-ÍS, var undirritað föstudaginn 22. nóvember 2013. Að verkefninu standa Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn í samstarfi við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, en DAN-ÍS gagnasafnið verður staðsett í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Viðstödd viðburðinn voru Vigdís Finnbogadóttir, fv. forseti, og Mette Kjuel Nielsen, sendiherra Dana á Íslandi, Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður, Anna Agnarsdóttir, forstöðumaður Sagnfræðistofnunar, Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði, Guðbjörg og Karen Tómasdætur, Gerður Jóhannsdóttir, Anna María Benediktsdóttir, Malene Søholt frá danska sendiráðinu og Bragi Þ. Ólafsson, fagstjóri handritasafns.



Við afhendingu gagna í danskt-íslenskt gagnasafn, frá vinstri: Þóra Kristín Jónsdóttir, fyrrum fréttaritari RÚV í Danmörku, Vigdís Finnbogadóttir, fv. forseti Íslands, Arnold R. Sievers og Guðríður Steinsdóttir.

Auður Hauksdóttir greindi frá rannsókninni „Á mótum danskrar og íslenskrar menningar. Danir á Íslandi 1900-1970“. Að því búnu sagði Anna María Benediktsdóttir frá þeirri gagnaöflun og kynningu sem átt hefur sér stað vegna verkefnisins.

Guðbjörg og Karen Tómasdætur afhentu gögn móður sinnar, Katrínar Nørgaard Vigfússon ljósmyndara, og Gerður Jóhannsdóttir afhenti bréfasafn og dagbækur móður sinnar, Birtu Fróðadóttur, innanhússarkitekts og húsgagnsmiðs. Loks afhenti Anna María Benediktsdóttir safninu fyrsta hluta af bréfa- og skjalasafni foreldra sinna, Inger Elise og Benedikts Bjarna Sigurðssonar.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi persónulegra heimilda af þessum toga fyrir rannsóknir á samskiptasögu Dana og Íslendinga.

Áhugavert efni bættist í DAN-ÍS gagnagrunninn þann 10. júní, þegar Þóra Kristín Jónsdóttir, fyrrum fréttaritari RÚV í Danmörku, afhenti gögn frá fyrstu opinberu heimsókn Vigdísar Finnbogadóttur til Danmerkur árið 1980. Við sama tækifæri lét Arnold R. Sievers og kona hans Guðríður Steinsdóttir DAN-ÍS gagnagrunninum í té fundargerðir og önnur gögn um starfsemi Skandinavisk Boldklub og annara félaga Dana hér á landi. Ingibjörg Sverrisdóttir landsbókavörður veitti gögnunum viðtöku við athöfn í Doktorsherboginu í Aðalbyggingu. Vigdís Finnbogadóttir, Auður Hauksdóttir og Guðrún Kristinsdóttir verkefnisstjóri voru viðstaddir athöfnina.



Standandi, frá vinstri: Malene Søholt frá danska sendiráðinu, Bragi Þ. Ólafsson, fagstjóri handritasafns, Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, Guðbjörg og Karen Tómasdætur, Anna Agnarsdóttir, forstöðumaður Sagnfræðistofnunar, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður, Gerður Jóhannsdóttir, Anna María Benediktsdóttir og Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði. Sitjandi eru Mette Kjuel Nielsen, sendiherra Dana á Íslandi, og Vigdís Finnbogadóttir, fv. forseti Íslands.

---


# KONFÚSÍUSARSTOFNUN NORÐURLJÓS

---

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós hóf á árinu sitt sjöunda starfsár. Stofnunin er kínversk menningarstofnun sem rekin er í samstarfi Háskóla Íslands og Ningbo-háskóla og nýtur stuðnings Hanban, undirstofnunar kínverska menntamálaráðuneytisins.

Í stjórn Konfúsíusarstofnunar, sem starfar innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, sátu Wang Wenbing, aðstoðarrekter Ningbo-háskóla, formaður, Qiu Yun, yfirmaður alþjóðaskrifstofu Ningbo-háskóla, Ingjaldur Hannibalsson, prófessor í rekstrarstjórnun og alþjóðaviðskiptum við Háskóla Íslands, Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, og Magnús Björnsson, sem jafnframt gegndi stöðu forstöðumanns stofnunarinnar. Á árinu störfuðu sendikennararnir Jia Yucheng, Liu Kailiang, Wang Xia og Fei Jie, en sú síðastnefnda kom til starfa við stofnunina í upphafi árs. Aðrir starfsmenn, auk forstöðumanns, voru þau Stefán Ólafsson viðburðastjóri og þorgerður Anna Björnsdóttir, sem tók við stöðu verkefnastjóra í byrjun árs.

Pátttakendur í árlegri ráðstefnu Konfúsíusarstofnana á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum, sem fram fór í Norræna húsinu.



Ingjaldur Hannibalsson prófessor, stjórnarmaður í stjórn Konfúsíusarstofnunar, lést á árinu. Ingjaldur hafði verið í stjórn stofnunarinnar frá upphafi og honum var alla tíð mjög annt um starfseminu og studdi stofnunina með ráðum og dáð. Starfsmenn Konfúsíusarstofnunar sakna vinar í stað og láta í ljós þakklæti og virðingu við fráfall Ingjalds.

## Hlutverk og rannsóknir

Meginhlutverk stofnunarinnar er að styðja við kennslu í námsleið í kínverskum fræðum við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda. Stofnunin vinnur aukin heldur að því að koma á kínverskukennslu í íslensku samfélagi m.a. við Menntaskólann við Hamrahlíð og Endurmenntun Háskóla Íslands og auk þess hefur stofnunin verið í samstarfi við Námsflokka Hafnarfjarðar, Félag Kínverja á Íslandi o.fl. Á árinu hófst kennsla í Ísaksskóla og er það byrjunin á aukinni áherslu á kínverskukennslu í grunnskólum. Auk þess hefur Geir Sigurðsson, dósent í kínverskum fræðum, stundað rannsóknir í nafni stofnunarinnar, einkum á sviði kínverskrar heimspeki og trúarbragða.

## Málþing, fyrirlestrar og viðburðir

Viðburðir sem Konfúsíusarstofnun stóð fyrir á árinu voru fjölmargir. Stofnunin hélt sína hefðbundnu nýárshátíð í febrúar í tengslum við kínverska nýárið. Hátíðin tókst afar vel í alla staði og var fjölsótt.

Í tilefni 10 ára afmælis Konfúsíusarstofnana var haldin afmælishátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur á haustmánuðum. Í tengslum við þann viðburð var sett upp ljósmyndasýning í Ráðhúsinu í samstarfi við Konfúsíusarstofnunina í Vilnius í Litháen. Einnig var framleitt myndband um stofnunina í tengslum við afmælið.

Málþingið Transphilosophies – Sino-Western Comparison var haldið í samstarfi við Heimspekistofnun. Frummælendur á málþinginu voru Robin Wang, prófessor við Loyola Marymount-háskóla í Bandaríkjunum, Livia Kohn, prófessor emeritus við Boston-háskóla, Geir Sigurðsson, dósent í kínverskum fræðum, og Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki.

Fyrirlestrar um ýmis efni tengd Kína og kínverskri menningu og samfélagi voru haldnir á vegum stofnunarinnar og í samstarfi við aðra aðila innan Háskólans. Á meðal erlendra fyrirlesara á árinu voru Graham Parkes prófessor og Hans-Georg Möller dósent, báðir við University College Cork á Írlandi, Mieke Matthyssen, fræðikona við háskólann í Ghent í Belgíu, Cecilia Lindqvist, Kínafræðingur og höfundur fjölda bóka um Kína, og Shi Aiqiao, prófessor við Wuhan-íþróttaháskólann í Kína. Auk þess voru skipulagðir fyrirlestrar í samstarfi við EDDU – öndvegissetur við Háskóla Íslands með þeim Daniel Bell, prófessor við Qinghua-háskóla í Peking, og Xiao Jialing, dósent við Fudan-háskóla í Shanghai. Stofnunin styrkti einnig komu hins heimspekkta rithöfundar Amy Tan til landsins. Á meðal innlendra fyrirlesara má nefna Alyson Bailes, aðjunkt við Stjórn málafræðideild, og Berglindi Ellertsdóttur sendiherra.

Ársfundur Konfúsíusarstofnana á Norðurlöndunum og í Eystarsaltsríkjum var haldinn á Íslandi dagana 8. og 9. maí. Stóð Konfúsíusarstofnunin Norðurljós að öllum undirbúningi og skipulagningu. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, setti fundinn, sem fram fór í Norræna húsinu og tókst mjög vel. Þá sýndi stofnunin um 30 heimilda- og kvikmyndir á árinu.



Frá kínversku nýárshátíðinni sem haldin var laugardaginn 21. febrúar.

---

# VIGDÍSARSTOFNUN – ALÞJÓÐLEG MIÐSTÖÐ TUNGUMÁLA OG MENNINGAR

---

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur undirbýr nú starfsemi alþjóðlegrar tungumálamiðstöðvar sem mun starfa undir merkjum UNESCO – Mennta-, vísinda- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Miðstöðin verður til húsa í nýbyggingu stofnunarinnar sem mun rísa við Suðurgötu, næst gömlu Loftskýtastöðinni. Í miðstöðinni verður m.a. starfrækt þekkingarsetur þar sem hægt verður að fræðast um erlend tungumál og fá innsýn í ólíka menningarheima og ýmis málefni er snerta samskipti Íslands við erlendar þjóðir. Í byggingunni verður aðstaða til sýninga-, ráðstefnu- og fyrirlestrahalds og þar mun einnig fara fram öll kennsla og rannsóknir í erlendum tungumálum og menningu þeim tengdri.

## MARKMIÐ OG HLUTVERK VIGDÍSARSTOFNUNAR

Skv. samningi sem gerður var við UNESCO í júní 2013 eru markmið og hlutverk Vigdísarstofnunar sem hér segir:

- a. stuðla að fjöltyngi til að auka skilning, samskipti og virðingu milli menningarheima og þjóða;
- b. auka vitund um mikilvægi tungumála sem grunnþátt í menningararfleifð mannkyns;
- c. leggja sitt af mörkum til varðveislu tungumála;
- d. sinna hlutverki miðlunarstöðvar á sviði fjöltyngis og fjölbreytni tungumála fyrir ákvarðandi aðila, sérfræðinga og almenning;
- e. stuðla að þýðingum og þýðingafræðum með það fyrir augum að auka ánægju af menningarlegri fjölbreytni og þvermenningarlegum skilningi;
- f. leggja sitt af mörkum til vöktunar á framkvæmd málstefnu og málstýringar á sviði móðurmála með fjöltyngi að leiðarljósi;
- g. stuðla að rannsóknum og menntun á erlendum tungumálum og menningu;
- h. styðja og stuðla að rannsóknum á móðurmálum sem hluta af almennum mannréttindum;
- i. stuðla að athugunum, greiningum og tölfræðisamantektum á þýðingafleifi.

Þar segir enn fremur að hlutverk Vigdísarstofnunar séu að:

- j. vinna að og hvetja til varðveislu tungumála með því að viðhalda og styðja stafræn gagnasöfn fyrir tungumál heims;
- k. styðja líffgun tungumála og skapa „tungumálasafn“ – sambland af raunverulegu safni og sýndarveruleikasafni með sýningum sem hægt verður að njóta á staðnum og á Netinu;
- l. stuðla að og miðla rannsóknum um tungumál og menningu sem þætti í menningararfleifð mannkyns með því að styðja rannsóknarstöður fyrir framúrskarandi fræðimenn, einnig frá þróunarlöndum;
- m. bjóða upp á vettvang og aðstöðu fyrir doktorsnema og fræðimenn erlendis frá, einkum frá þróunarlöndum;
- n. hugsa upp og miðla um allan heim áætlunum og aðferðum til að styðja tungumál í útrýmingarhættu og þjóðtungur með rannsóknaverkefnum, ráðstefnum og útgáfu;
- o. styðja framúrskarandi rannsóknir á sviði málstefnu og málpólitíkur;
- p. útvega aðstöðu og sérfræðiþekkingu fyrir rannsóknaverkefni og miðla niðurstöðum með sérstöku tilliti til markmiða Vigdísarstofnunar;
- q. sýna hvernig viðhorf til móðurmálsins og skýr málstefna geti aukið læsi og menntun fyrir tilstilli rannsóknaverkefna og miðlunar þekkingar;
- r. þróa alþjóðlegan umræðuvettvang;
- s. vinna með öllum viðeigandi UNESCO-verkefnum, einkum á sviði vöktunar á þýðingafleifi, eins og Index Translationum (Alþjóðlegu þýðingaskrárinnar).

## Nýbygging í undirbúningi – störf byggingarnefndar

Byggingarnefnd, sem háskólaráð skipaði í apríl 2011, vann allt árið að undirbúningi byggingarframkvæmda í samvinnu við hönnuði hjá arkitektur.is, en þeir urðu hlutskarpastir í hönnunarsamkeppni um bygginguna sem haldin var árið 2012. Formaður byggingarnefndar er Eiríkur Hilmarsson, lektor í Viðskiptafræðideild, en auk hans eiga sæti í nefndinni Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, Ásdís Guðrún Sigmundsdóttir doktorsnemi, Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri fjármála og reksturs og sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs Háskólans, Ingjalður Hannibalsson prófessor (sem féll frá hinn 27. október) og Inga Jóna Þórðardóttir viðskiptafræðingur. Með nefndinni starfa Halldóra Vífilsdóttir, aðstoðarforstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins, og Sigurlaug I. Lövdahl, skrifstofustjóri framkvæmda- og tæknisviðs Háskólans.

Í byrjun árs 2014 var ljóst að enn vantaði fé til að fullfjármagna bygginguna. Því var ráðist í að gera nokkrar breytingar á byggingunni til að draga úr kostnaði án þess þó að ganga á hönnunarleg gæði hennar. Á fundi háskólaráðs þann 6. mars samþykkti ráðið að Háskóli Íslands ábyrgðist að hámarki 389 milljón króna framlag til byggingarinnar, til viðbótar þeim 600 milljónum króna sem þegar höfðu verið samþykktar af hálfu Háskólans. Á fundinum var jafnframt bókað að fjársöfnun skyldi haldið áfram til að brúa bilið á milli þess sem þegar hefur safnast og þess sem upp á vantar. Borgarráð Reykjavíkur staðfesti í byrjun mars aðkomu borgarinnar að gerð Vigdísartorgs sunnan við bygginguna í samræmi við bókun borgarráðs frá 15. apríl 2010. Kostnaður við gerð torgsins er áætlaður um 92 milljónir króna.

Miklu munaði um ákvörðun stjórnar danska sjóðsins A.P. Møller og Hustru Chastine Mc-Kinney Møllers Fond til almene Formaal um að styrkja bygginguna með rúmlega 100 milljón króna framlagi. Bréf þess efnis barst stofnunni í júní, en áður hafði sjóðurinn lagt verkefninu til sömu upphæð.

Seint á haustmánuðum var lokið við alla hönnun og rýni Framkvæmdasýslu ríkisins á útboðsgögnum. Útboð var auglýst þann 23. desember á EES-verkefnavefnum og í íslenskum dagblöðum þann 3. janúar 2015 að undangengnu samþykki Samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, mennta- og menningarmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

Alls voru haldnir níu byggingarnefndarfundir á árinu.

## Skipun stjórnar Vigdísarstofnunar

Hinn 15. apríl, á afmælidegi Vigdísar Finnbogadóttur, skipaði Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, stjórn Vigdísarstofnunar – miðstöðvar um tungumál og menningu sem hér segir:

Tilnefndur frá UNESCO:

- Alfredo Perez de Armiñán, aðstoðarframkvæmdastjóri UNESCO fyrir menningarmál.

Tilnefndur frá íslensku UNESCO-nefndinni:

- Eiríkur Smári Sigurðsson, rannsóknastjóri við Hugvísindasvið Háskóla Íslands.

Tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðherra:

- Guðrún Kvaran, prófessor emeritus í íslensku.

Tilnefnd frá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur:

- Auður Hauksdóttir, formaður, prófessor í dönsku.
- Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku máli og bókmenntum.
- Þórhallur Eypórsson, prófessor í málvísindum við námsleið í ensku.

## Fundir í UNESCO

Forstöðumaður og verkefnisstjóri SVF tóku þátt í alþjóðlegum fundi sérfræðinga um tungumál í höfuðstöðvum UNESCO í París sem fram fór dagana 28.–29. október. Þar var m.a. rædd framtíðarstefna um Tungumálaatlas UNESCO, „Atlas of the World’s Languages in Danger,“ sem Vigdís Finnbogadóttur átti þátt í að hrinda úr vör. Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, kynnti fyrir fundarmönnum áform um Vigdísarstofnun – alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar.

Þá gafst einnig tækifæri til að eiga fund með Alfredo Perez de Armiñán, aðstoðarframkvæmdastjóra UNESCO fyrir menningarmál, sem skipaður hefur verið fulltrúi UNESCO í stjórn Vigdísarstofnunar, og gera honum grein fyrir framvindu verkefnisins og framtíðarsýn.



Auður Hauksdóttir kynnir Vigdísarstofnun – alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar á fundi sérfræðinga um tungumál í UNESCO.

Alfredo Perez de Armiñán, aðstoðarframkvæmdastjóri UNESCO fyrir menningarmál, ásamt Guðrínu Kristinsdóttur verkefnisstjóra og Auði Hauksdóttur, forstöðumanni SVF.



## Opinber heimsókn Irinu Bokovu, aðalframkvæmdastjóra UNESCO

Irina Bokova, aðalframkvæmdastjóri UNESCO – Mennta-, vísinda- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, þáði boð stjórnvalda um að koma í opinbera heimsókn hingað til lands dagana 25.–27. maí, en áður hafði staðið til að hún kæmi til landsins í tengslum við afmælisráðstefnu til heiðurs Vigdísar Finnbogadóttur í apríl 2010. Við þetta tækifæri hélt hún opinn fyrirlestur í Hátíðasal Háskóla Íslands, sem fram fór mánudaginn 26. maí og einnig ávarpaði hún LREC-ráðstefnuna sem Máltæknisetur og SVF áttu aðild að (sjá ráðstefnur).

Í fyrirlestri sínum, sem bar yfirskriftina „Frá tungumáli til þekkingar. Hvernig megnum við að endurnýja hina endanlegu auðlind?“, beindi Bokova sjónum að því áhrifavaldi er felst í hlutverki og umboði UNESCO við nýtingu menningarverðmæta og vísindalegrar þekkingar í þágu varanlegs friðar og sjálfbærrar þróunar.

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, ávarpaði samkomuna og stýrði umræðum.

Í máli sínu og í viðtölum í fjölmiðlum vék Bokova ítrekað að mikilvægi áforma um Vigdísarstofnun – alþjóðlega miðstöð um tungumál og menningu, sem nú er í undirbúningi, og greindi frá óskoruðum stuðningi UNESCO við verkefnið. Hlýða má á fyrirlesturinn á vefsíðu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, [www.vigdis.hi.is/](http://www.vigdis.hi.is/)



Efst til vinstri: Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Irina Bokova, aðalframkvæmdastjóri UNESCO, á opinberum fyrirlestri í Hátíðasal Háskólans. Neðst til vinstri: Vigdís Finnbogadóttir og Irina Bokova á leið í Hátíðasalinn. Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, í baksýn. Efst til hægri: Irina Bokova og Auður Hauksdóttir í Hörpu. Neðst til hægri: Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, Irina Bokova, aðalframkvæmdastjóri UNESCO, Berglind Ásgeirsdóttir, sendiherra Íslands í París og fastafulltrúi Íslands hjá UNESCO, Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, og Vigdís Finnbogadóttir, fv. forseti Íslands og velgjörðasendiherra UNESCO fyrir tungumál, á skrifstofu rektors.

---

# STYRKIR

---

## Veglegur styrkur frá A.P. Møller og Hustru Chastine Mc-Kinney Møllers Fond til almene Formaal til nýbyggingar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Á sumardaginn fyrsta, hinn 24. apríl, áttu þær Vigdís Finnbogadóttir og Auður Hauksdóttir fund með Ane Mærsk Mc-Kinney Uggla, formanni stjórnar A.P. Møller og Hustru Chastine Mc-Kinney Møllers Fond til almene Formaal, þar sem gafst tækifæri til að kynna stöðu mála varðandi nýbyggingu fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og áform um starfsemi Vigdísarstofnunar. Stjórnarformaður sjóðsins sýndi verkefninu mikinn áhuga og í kjölfar fundarins var kallað eftir frekari upplýsingum um stöðu verkefnisins. Í bréfi frá Ane Mærsk Mc-Kinney Uggla stjórnarformanni, dagsettu 11. júní, var tilkynnt um þá ánægjulegu ákvörðun stjórnar sjóðsins að styrkja húsbygginguna með 5 milljónum danskra króna eða rúmlega 100 milljónum íslenskra króna. Þess má geta að árið 2006 hafði fyrrum stjórnarformaður sjóðsins, Mærsk Mc-Kinney Møller, tilkynnt um jafnháa styrkupphæð til verkefnisins. Alls nema því veglegir styrkir A.P. Møller og Hustru Chastine Mc-Kinney Møllers Fond til almene Formaal rúmum 200 milljónum króna og er það stærsta einstaka framlag til byggingarinnar utan Háskólans. Kann stofnunin sjóðnum miklar þakkir fyrir höfðinglegt framlag og ómetanlega liðveislu.

## Reykjavíkurborg styrkir torg sunnan við byggingu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Borgarstjórinn í Reykjavík, Jón Gnarr, staðfesti við Háskóla Íslands í byrjun mars aðkomu borgarinnar að gerð torgs sunnan við nýbyggingu Vigdísarstofnunar, en þar mun skapast einstök aðstaða til að halda viðburði utan húss, t.d. leiksýningar, ljóða- eða sönghátíðir. Hér er um að ræða stórkostlega viðbót við starfsemi Vigdísarstofnunar sem verður án efa mikil lyftistöng fyrir íslenskt menningarlíf. Styrkurinn nemur kostnaði við gerð torgsins, sem er áætlaður um 92 milljónir króna.

## Styrkur frá Eric de Rothschild til nýbyggingar og annar stuðningur franskra aðila

Í febrúar héldu þau Vigdís Finnbogadóttir, Guðrún Kristinsdóttir, verkefnisstjóri Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, og Torfi H. Tulinius, prófessor í miðaldrafræðum, til Frakklands til að kynna Vigdísarstofnun og leita eftir stuðningi við hana. Í kjölfar fundar í íslenska sendiráðinu í París veitti vínframleiðandinn Eric de Rothschild 15.000 evra eða rúmlega 2,2 milljón króna styrk til nýbyggingarinnar.

Í ferðinni voru áform um Vigdísarstofnun einnig kynnt fyrir Claude Chirac, stjórnarformanni Fondation Chirac og dóttur Jacques Chirac, fyrrum Frakklandsforseta. Claude Chirac lýsti yfir samstarfsvilja og hét liðsinni sínu við að leita eftir fjárhagsstuðningi við þann hluta tungumálamiðstöðvarinnar sem lýtur að Afríkumálum.



Vigdís Finnbogadóttir og Claude Chirac.

Væntanleg starfsemi Vigdísarstofnunar var einnig kynnt fyrir Hélène Carrère d'Encausse, forstöðumanni Académie française, frönsku vísindaakadémiunnar. Hún fagnaði því að áformin um Vigdísarstofnun væru að verða að veruleika og kvaðst mundu kynna verkefnið fyrir meðlimum frönsku akademíunnar og mæla með samstarfi milli aðila.

Þá leituðu ferðalangar eftir samstarfi um íslensk-franska orðabók á fundi með Xavier North, forstöðumanni stofnunar sem heyrir undir franska menntamálaráðuneytið og hefur til umfjöllunar franska tungu og þau tungumál sem töluð eru í Frakklandi. Á fundinum sagði Xavier North að innan stofnunar hans áttuðu menn sig vel á mikilvægi verkefnisins og að hún myndi, ásamt Centre National du Livre (Miðstöð franskra bókmennta), koma að fjármögnun orðabókarverkefnisins. Hvatti hann til þess að Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Stofnun Árna Magnússonar sendu umsókn um styrk til hlutaðeigandi aðila í Frakklandi. Áður hafði Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra kynnt íslensk-franska orðabókarverkefnið fyrir frönskum ráðamönnum í Frakklandsför árið 2013.

## Styrkir frá íslenskum fyrirtækjum til undirbúnings Vigdísarstofnunar

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur naut á árinu styrkja sem veittir voru skv. samningum sem undirritaðir voru á árunum 2012 og 2013. Á árinu 2012 gerði Arion banki samning um tveggja milljóna króna árlegan styrk til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í þrjú ár og hinn 15. nóvember 2013 voru undirritaðir samningar við Íslandshótel hf., Landsbankann hf., MP-banka hf., Promens hf. og fasteignafyrirtækið Regin hf. um einnar milljón króna árlegan styrk í þrjú ár auk samninga um hálftrar milljón króna árlegan styrk frá fyrirtækjunum Bláa lónið hf., Icelandair Group hf., Icelandic Group hf. og olíufélaginu N1 hf. í jafn langan tíma. Styrkirnir nema alls ríflega 26 milljónum króna á þriggja ára tímabili. Samkvæmt samningunum skal fjármununum varið til að undirbúa starfsemi Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar um tungumál og menningu.

Auk framangreindra styrkja veitti Icelandair Group hf. styrk til tveggja ára í formi sex flugmiða sem nýta má til ferðalaga sem til falla við undirbúning alþjóðlegru tungumálamiðstöðvarinnar.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þessara styrkja fyrir starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og þá sérstaklega fyrir undirbúning alþjóðlegru tungumálamiðstöðvarinnar. Einstakur liðsmaður SVF fyrr og síðar við fjáröflun og önnur

brýn verkefni á hennar vegum hefur verið Ásmundur Stefánsson, fv. bankastjóri og stjórnarmaður í Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Kann stofnunin honum miklar þakkir fyrir ómetanlegt framlag hans, sem og framangreindum styrktaraðilum fyrir öfluga liðveislu og árangursríkt samstarf. Framlög velunnara stofnunarinnar hafa skipt sköpum fyrir starfseminu í ár og á undanförunum árum.



Standandi, frá vinstri: Jón Atli Benediktsson aðstoðarrektror, Björk Þórarinsdóttir, skrifstofu bankastjóra Arion-banka, Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslumála við Háskóla Íslands, Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, Ingibjörg Þórisdóttir, stjórnarmaður SVF, Hermann Þórisson, formaður stjórnar Promens, Ingólfur Einarsson, hóteltjóri frá Íslandshótelum, Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri N1, Magnea Guðmundsdóttir, kynningarstjóri Bláa lónsins, Magnús Bjarnason, forstjóri Icelandic Group, Hildur Þórisdóttir, mannauðsstjóri MP-banka, Sigurður Atli Jónsson, forstjóri MP-banka, Anna Sigríður Kristjánsdóttir, skrifstofu bankastjóra Arion-banka, Björgólfur Jóhannesson, forstjóri Icelandair Group, Ásdís R. Magnúsdóttir, stjórnarmaður SVF, Rebekka Þráinsdóttir, stjórnarmaður SVF, Hólmfríður Garðarsdóttir, forseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Oddný G. Sverrisdóttir, varamaður í stjórn SVF, og Guðrún Kristinsdóttir, verkefnisstjóri SVF.

Sitjandi, frá vinstri: Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, Kristín Ingólfssdóttir rektor og Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs.

## Bókagjafir og úrklippusöfn til Vigdísarstofnunar

Afkomendur Pálinu Kjartansdóttur (1931–2010), færðu Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur að gjöf úrklippusafn Pálinu um Vigdís Finnbogadóttur. Einnig færðu afkomendur Jófríðar Margrétar Guðmundsdóttur (1913–2003), stofnuninni að gjöf úrklippusafn Jófríðar um Vigdís. Úrklippurnar, sem eru úr íslenskum jafnt sem erlendum blöðum og tímaritum, spanna framboð og forsetatíð Vigdísar og eru dýrmæt heimild um feril hennar.

Afkomendur Guðmundar Gíslasonar (1921–2002), yfirbókbindara hjá Ísafoldarverksmiðju, færðu stofnuninni að gjöf *Íslensk-danska orðabók / Islandsk-dansk ordbog* eftir Sigfús Blöndal. Bókin var gefin út í Reykjavík hjá Prentsmiðjunni Gutenberg 1920–1924 og bundin inn í gyllt band af Guðmundi Gíslasyni af fádæma kostgæfni. Orðabókin er árituð þann 12. júní af afkomendum hans.

Stofnunin hlaut enn fremur myndarlega bókagjöf í lok ársins. Um er að ræða töluvert safn bóka, m.a. orðabækur, fagurbókmenntir og ýmis fræðirit úr safni Sigrúnar Tryggvadóttur Rockmaker þýðanda í Bandaríkjunum. Bækurnar eru fallega innbundnar og í sumum tilfellum er um frumútgáfur að ræða.

Stofnunin metur mikils vinarhug gefenda og er afar þakklát fyrir þessar góðu gjafir sem eiga eftir að sóma sér vel í Vigdísarstofnun og nýtast bæði nemendum og fræðimönnum í rannsóknum þeirra. Meðan Vigdísarstofnun er í byggingu, eru gögnin varðveitt á skjalasafni Háskóla Íslands.



Vigdís veitir viðtöku orðabók, sem Sigríður, dóttir Guðmundar Gíslasonar bókbindara, og sonur hennar Guðmundur Arnarson færðu stofnuninni að gjöf.

## Þakkir

Eins og endranær hefur Vigdís Finnbogadóttir stutt starfsemi stofnunarinnar með ráðum og dáð og kunnum við henni miklar þakkir fyrir ómetanlegt framlag hennar.

Sérstakar þakkir færum við Halldóru Ingvadóttur fyrir mikilvægt vinnuframlag hennar sem hún hefur látið stofnuninni í té endurgjaldslaust.

Að lokum þakkar stofnunin þeim Ástráði Eysteinssyni, forseta Hugvísindasviðs, Hólmsfríði Garðarsdóttur, forseta Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Margréti Guðmundsdóttur verkefnisstjóra, Óskari Einarssyni rekstrarstjóra, Eiríki Smára Sigurðssyni rannsóknastjóra og öðrum samstarfsmönnum á Hugvísindasviði fyrir árangursríka samvinnu, sem og öllum velunnurum fyrir beinan og óbeinan stuðning við starfsemi stofnunarinnar.



Sigrún Tryggvadóttir og Philip Rockmaker.



Halldóra Ingvadóttir.

---

## STARFSFÓLK 2014

---

Aðild að Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum eiga 40 fræðimenn. Við Háskóla Íslands eru kennd 13 erlend tungumál og stunda fræðimenn við stofnunina rannsóknir og kennslu í þessum tungumálum og menningu þeirra.

*Starfsfólk stofnunarinnar eftir stafrófsröð:*



### ANNEMETTE HEJLSTED

lektor í dönskum bókmenntum.

Annemette lauk doktorsnámi í norrænum bókmenntum frá Syddansk Universitet og Mag.Art.-prófi í norrænum bókmenntum frá Kaupmannahafnarháskóla.

Rannsóknasvið hennar eru einkum frásagnarlist, skáldskapur og bókmenntagreinir, t.d. stelpubókmenntir og glæpasöguformið, en einnig póstmóðernismi og norrænir rithöfundar eins og Karen Blixen, Edith Södergran og Kerstin Ekman. Annemette hefur gefið út fræðiritin *Fortællingen* (2007) og *Fiktionens genrer. Teori og analyse* (2012).

Um þessar mundir vinnur hún að rannsóknarverkefnum um smásögna sem bókmenntagrein og sígildar barnabækur.



### AUÐUR HAUKSDÓTTIR

prófessor í dönsku máli og forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Auður lauk doktorsnámi frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1998, cand.mag.-prófi í dönsku frá sama skóla árið 1987 og BA-prófi í dönsku og heimspæki frá Háskóla Íslands árið 1977.

Rannsóknasvið Auðar er danskt mál, einkum danska sem erlent mál, samanburðarmálvísindi og dönsk menning og tunga á Íslandi í sögu og samtíð.

Auður vinnur að bók um dönskukunnáttu Íslendinga og háskólanám Íslendinga í Danmörku, sem byggist á rannsókn hennar um þetta efni. Hún hefur, ásamt Guðmundi Jónssyni prófessor í sagnfræði, farið fyrir teymi íslenskra og danskra fræðimanna sem hafa unnið að rannsókninni *Á mótum danskrar og íslenskrar menningar. Danir á Íslandi 1900–1970*, sem hlaut m.a. styrki frá Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og danska vísindaráðuneytinu. Greinasafn um niðurstöður rannsóknarinnar kemur út í Danmörku á næstunni.

Þá hefur Auður unnið að samanburði á föstum orðatiltækjum í dönsku og íslensku, og þróað mál-tækið *www.frasar.net* í samvinnu við Guðrúnu Haraldsdóttur og sænska og danska fræðimenn. Hún leiðir nú norrænt rannsóknar- og þróunarverkefni, sem beinist að tileinkun Færeyinga, Grænlandinga og Íslendinga á dönsku talmáli og þróun hjálpartækis til að þjálfa danskan fram- burð. Veglegir styrkir hafa fengist til verkefnanna *www.frasar.net* og *Talehjælp* í dansk, þeir stærstu frá Nordplus Sprog, Nordisk Kulturfond og Augustinus Fonden.



### ÁSDÍS R. MAGNÚSDÓTTIR

prófessor í frönsku máli og bókmenntum.

Ásdís lauk doktorsnámi í frönskum bókmenntum frá Stendhal-háskólanum (Grenoble III) í Grenoble í Frakklandi árið 1997. Hún lauk DEA-prófi frá sama skóla árið 1993, meistaraþrófi árið 1992 og licence-prófi árið 1991. Rannsóknir hennar eru einkum á sviði franskra bókmennta: miðalda-bókmennta, miðaldaskáldsögunnar, riddarasagna, þýðinga og smásagna.

Ásdís vinnur nú að íslenskri þýðingu á *Lancelot ou le Chevalier de la charrette* (*Lancelot eða kerru- riddaranum*) eftir Chrétien de Troyes og ýmsum rannsóknum á sviði franskra og íslenskra miðalda-

bókmennta, m.a. á miðaldabýðingum og útbreiðslu „efniviðarins frá Bretagne“ innan verkefnisins La matière arthurienne aux XIVE-XVle siècles en Europe. Hún tekur einnig þátt í verkefninu Raddir kvenna – Smásögur og vinnur að gerð smásagnasafns með verkum eftir ýmsa franska kvenrithöfundu (Marie de France, Marguerite de Navarre, Madame de La Fayette, George Sand, Colette, Marguerite Yourcenar o.fl.).

Árið 2014 sendi hún frá sér þýðingu á þremur ritgerðasöfnum eftir Albert Camus: *Rangan og réttan (L'envers et l'endroit)* – *Brúðkaup (Noces)* – *Sumar (L'été)*.

---

### ÁSRÚN JÓHANNSDÓTTIR

aðjunkt í ensku.

Ásrún lauk MA-prófi í ensku frá Háskóla Íslands árið 2009 með áherslu á kennslu og tileinkun orðaforða á öðru og erlendu máli, diplóma í kennslufræði árið 2008 og BA-prófi í ensku frá Háskóla Íslands árið 2006. Hún er um þessar mundir að ljúka við doktorsrannsókn á viðhorfi ungra nemenda til ensku á Íslandi og tileinkun þeirra á orðaforða í ensku.

Rannsóknasvið Ásrúnar lúta að tileinkun orðaforða í öðrum og erlendum málum, annarsmálsfræðum, rannsóknaraðferðum í tungumálakennslu og notkun upplýsingatækni í kennslu.

Áður en Ásrún kom til starfa sem aðjunkt við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda árið 2013 hafði hún starfað sem stundakennari í ensku við deildina frá árinu 2008, þar sem hún kenndi meðal annars málnotkun, ritun og tileinkun orðaforða á ensku.



---

### ÁSTA INGIBJARTSDÓTTIR

aðjunkt í frönskum fræðum.

Ásta lauk meistaraprófi í málvísindum með áherslu á kennslu frönsku sem erlends máls. Meistararitgerð hennar fjallar um stöðu nemandans í orðræðu kennslufræðinnar.

Rannsóknasvið hennar er þjálfun talaðs máls og notkun leiklistar í þeirri þjálfun.



---

### BIRNA ARNBJÖRNSDÓTTIR

prófessor í annarsmálsfræðum.

Birna lauk doktorsnámi í almennum málvísindum frá Texasháskóla í Austin í Bandaríkjunum árið 1990, meistaraprófi frá Háskólanum í Reading í Englandi árið 1977 og BA-prófi frá Háskóla Íslands árið 1975.

Rannsóknir hennar eru á sviði hagnýtra málvísinda, m.a. máltileinkunar, íslensku sem annars máls, fjarkennslu tungumála og ensku sem samskiptamáls. Birna hefur verið verkefnisstjóri *Icelandic Online* frá upphafi og stýrt þróun *The English Game*. Síðastliðin fimm ár hefur hún, í samvinnu við Hafdísi Ingvarsdóttur prófessor, unnið að rannsókn á stöðu ensku á Íslandi sem styrkt er af Rannsóknamiðstöð Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.



---

### ERLA ERENDSDÓTTIR

dósent í spænsku.

Erla lauk doktorsnámi í spænskum fræðum frá Háskólanum í Barcelona á Spáni árið 2003, meistaraprófi frá sama háskóla 1999 og Mag.Art.-prófi frá Georg-August-háskólanum í Göttingen í Þýskalandi árið 1988. Hún stundaði nám í portúgölskum og brasilískum fræðum við Ludwig-Maximilians-háskólann í München (Zwischenprüfung 1993) og lauk Zwischenprüfung frá Georg-August-háskólanum í Göttingen árið 1986.

Helstu rannsóknasvið Erlu eru mál og menning spænskumælandi þjóða, félagsmálvísindi, orðfræði, orðsifjafræði, orðabókafræði, bókmenntir Spánar og Kúbu, þýðingar, krónikur og skrif um landa-fundina.

Um þessar mundir vinnur hún að bók um tökuorð úr tungumálum frumbyggja Suður- og Mið-Ameríku í spænsku og öðrum Evrópumálum. Einnig hefur hún í bígerð bók sem hefur að geyma



smásögur spænskra kvenna á 20. og 21. öld (*Raddir frá Spáni*), sem og fræðilega útgáfu á íslenskum þýðingum á spænskum krónikum og þáttum frá 17., 18. og 19. öld. Að auki vinnur hún að rannsóknaverkefningu *Tengsl Spánar og Íslands í gegnum tíðina*. Að lokum vinnur hún að því að endurbýða skáldsöguna *Nada* eftir Carmen Laforet.



### EYJÓLFUR MÁR SIGURÐSSON

deildarstjóri Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands.

Eyjólfur lauk meistaraþrófi í kennslufræði tungumála frá Sorbonne-háskóla í París (Paris III) í Frakklandi árið 1996. Í störfum sínum fyrir Tungumálamiðstöðina hefur Eyjólfur fyrst og fremst fengist við nemendastýrt tungumálanám, nemendasjálfræði og notkun upplýsingatækni við tungumálanám og kennslu.



### FEI JIE

sendikennari í kínversku á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Fei lauk MA-gráðu í breskum og bandarískum bókmenntum frá Kennaraháskóla Guizhou í Guizhou-héraði í Kína árið 2000. Hún gegnir stöðu dósentis við Deild erlendra tungumála og bókmennta í Kennaraháskóla Liupanshui í Kína. Fei kennir kínversku og kínverska málnotkun.



### FRANÇOIS HEENEN

aðjunkt í frönsku.

François lauk doktorsnámi í málvísindum með áherslu á indóevrópska samanburðarmálfræði frá Háskólanum í Vín í Austurríki árið 2002, MA-gráðu í frönskum fræðum frá Háskóla Íslands árið 2012 og BA-gráðu í almennum málvísindum frá Háskóla Íslands árið 1989.

Rannsóknasvið hans er samanburðarmálfræði með sérstakri áherslu á þróun indóíranskra mála, merkingarfræði og málnotkunarfræði.

Um þessar mundir er François að rannsaka hlutverk og merkingu ýmissa sagnmynda á frönsku, svo sem *imparfait* og *futur simple*.



### GEIR ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON

aðjunkt í grísku og latínu.

Geir lauk meistaraþrófi í klassískum fræðum með áherslu á heimspeki fornaldar og klassískar bókmenntir frá Princeton-háskóla í Bandaríkjunum og vinnur að doktorsritgerð við sama skóla. Hann lauk BA-gráðu í heimspeki, grísku og latínu frá Háskóla Íslands árið 2004.



### GÍSLI MAGNÚSSON

lektor í dönskum bókmenntum.

Gísli lauk doktorsnámi við RWTH Aachen-háskólann en varði doktorsritgerð sína um Rainer Maria Rilke við Háskólann í Hróarskeldu árið 2008. Gísli lauk meistaraþrófi í þýsku og tónlist frá Kaupmannahafnarháskóla árið 2000. Hann var nýdoktor við Árósháskóla 2010–2012.

Rannsóknarsvið Gísla eru þýskar og danskar bókmenntir, þýsk-skandinavísk menningartengsl um 1900 og þverfagleg tengsl á milli bókmennta og andlegra strauma. Doktorsritgerð hans, *Dichtung als Erfahrungsmetaphysik. Esoterische und okkultistische Modernität bei Rainer Maria Rilke*, var gefin út árið 2009. Árið 2014 komu út tvær bækur eftir Gísla: *Esotericism and Occultism in the Works of the Austrian Poet Rainer Maria Rilke* og *Influx. Der deutsch-skandinavische Kulturaustausch um 1900*. Hann hefur þýtt úr íslensku yfir á dönsku, meðal annars skáldsögur Böðvars Guðmundssonar *Hibýli vindanna* og *Lífsins tré* og fimm Íslendingasögur: *Kjalnesinga sögu*, *Vopnfirðinga sögu*, *Reykðæla sögu* og *Víga-Skútu*, *Þorsteins sögu hvíta* og *Valla-Ljóts sögu*. Gísli hefur einnig þýtt úr þýsku (David Safier) og ensku (Ken Wilber) yfir á dönsku. Nýjustu rannsóknir hans fjölluðu um svissneska höfundinn Pascal Mercier (Peter Bieri).



---

## GRO TOVE SANDSMARK

sendikennari í norsku.

Gro Tove lauk cand.philol.-prófi í norrænum fræðum frá Oslóarháskóla árið 1996 og B.phil.Isl.-prófi frá Háskóla Íslands árið 1997. Hún hlaut árið 2011 „fyrstelektorkompetanse“ (dósentshæfi) við Háskólann í Þelamörk.

Rannsóknasvið hennar eru norskar og íslenskar bókmenntir, kynjafræði og þýðingar.



---

## GUÐRÚN BJÖRK GUÐSTEINSDÓTTIR

prófessor í enskum bókmenntum.

Guðrún lauk doktorsnámi frá Alberta-háskóla í Kanada í breskum, bandarískum og kanadískum bókmenntum árið 1993, meistaraprófi frá sama skóla árið 1985 og BA-prófi frá Háskóla Íslands árið 1982.

Rannsóknasvið hennar er sér í lagi rithefð Íslendinga og afkomenda þeirra í Norður-Ameríku, í samhengi við fjölmenningsbókmenntir, menningarstefnu og útgáfu. Guðrún leiðir nýtt alþjóðlegt meistaranám í Ameríkufræðum sem boðið er í samvinnu greinanna ensku, frönsku og spænsku við Háskóla Íslands.



---

## GUÐRÚN HARALDSDÓTTIR

verkefnisstjóri við rannsóknir í dönsku við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.

Guðrún lauk cand.arch.-gráðu í almennri byggingarlist frá Arkitektskolen í Árósum í Danmörku árið 1994 og BA-prófi í dönsku frá Háskóla Íslands árið 2006.

Guðrún tekur þátt þróun tölvutækni sem ætluð er til kennslu vestnorrænna nemenda í dönsku. Hún hefur verið verkefnisstjóri við þróun máltækis sem notað er í dönskukennslu í íslenskum, grænenskum og færeyskum skólum og auðveldar nemendum að tjá sig á dönsku. Hún vinnur einnig við þýðingar í tengslum við samanburðarrannsókn á föstum orðatiltækjum í dönsku og íslensku og hönnun máltækisins *www.frasar.net* sem auðveldar Íslendingum að tjá sig munnlega og skriflega á dönsku. Guðrún hefur einnig tekið þátt í vinnu við rannsóknina *Á mótum danskrar og íslenskrar menningar. Danir á Íslandi 1900-1970*.



---

## GUÐRÚN KRISTINSDÓTTIR

verkefnisstjóri Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Guðrún lauk MBA-gráðu við ESCP Europe viðskiptaháskólann í París árið 2003, BA-prófi í frönsku og almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands árið 1997 og leiklistarnámi í París árið 1994. Hún hefur m.a. starfað sem leiðsögumaður fyrir franska ferðamenn, kennari hjá Alliance française í Reykjavík, verið umsjónarmaður sendifulltrúa hjá Rauða krossi Íslands, svæðisstjóri í Frakklandi fyrir Ferðamálaráð Íslands, verkefnisstjóri á viðskiptaskrifstofu sendiráðs Íslands í París, aðstoðarmaður við rannsóknir í Harvard Business School Europe Research Center í París og aðstoðarmaður þingkonu í neðri deild franska þjóðþingsins.



---

## GUNNELLA ÞORGEIRSDÓTTIR

aðjunkt í japönsku.

Gunnella lauk doktorsnámi í Austur-Asíufræðum frá Sheffield-háskóla í Englandi árið 2014 og meistaraprófi í þjóðfræði við sama skóla árið 2006.

Doktorsritgerð hennar fjallar um hjátrú og helgisiði tengda meðgöngu í japönsku samfélagi. Gunnella stundaði nám við Kokugakuin-háskóla í Tókýó á árunum 2006–2008 meðan á rannsókninni stóð.

Aðaláherslur í rannsóknum hennar eru japanskir þjóðhættir og hátíðir, þjóðfræði samtímans, flökkusagnir og kímni-gáfa.





### HAFDÍS INGVARSDÓTTIR

prófessor emeritus í menntunarfræði, með kennslu erlendra tungumála sem sérsvið.

Hafdís lauk doktorsnámi í menntunarfræði með áherslu á enskukennslu frá Reading-háskóla í Bretlandi árið 2003 og meistaraþrófi í hagnýtum málvísindum frá sama skóla 1993. Hún stundaði framhaldsnám í dönsku máli og bókmenntum við Kaupmannahafnarháskóla 1969–1971 og lauk BA-gráðu frá Háskóla Íslands árið 1968 í dönsku og sögu.

Í rannsóknum sínum hefur Hafdís beint sjónum að menntun tungumálakennara, tungumálanámi, tungumálakennslu og fagmennsku kennara. Einnig hefur hún stundað rannsóknir á viðhorfum tungumálakennara til breytinga á kennsluháttum. Hún hefur sérhæft sig í eiginlegri aðferðafræði, einkum lífssögurannsóknum og starfendarannsóknum.

Síðastliðin sex ár hefur hún, í samvinnu við Birnu Arnbjörnsdóttur prófessor, unnið að rannsókn á stöðu ensku á Íslandi.

Hafdís var fyrsti formaður STÍL – Samtaka tungumálakennara á Íslandi.



### HÓLMFRÍÐUR GARÐARSDÓTTIR

prófessor í spænsku og forseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.

Hólmfríður lauk doktorsnámi í bókmenntum og spænsku með áherslu á bókmenntir Rómönsku Ameríku frá Texas-háskóla í Austin í Bandaríkjunum árið 2001, meistaraþrófi frá sama háskóla árið 1996, B.Ed.-prófi frá Háskóla Íslands árið 1993 og BA-gráðu í spænsku frá Háskóla Íslands árið 1988.

Rannsóknasvið hennar er kvikmyndasaga og kvikmyndagerð í Rómönsku Ameríku samtímans, bókmenntir minnihlutahópa í Mið-Ameríku með sérstakri áherslu á bókmenntir frá Karíbahafsstönd landa eins og Kosta Ríka, Panama, Níkaragva og Hondúras og bókmenntir Rómönsku Ameríku með áherslu á samtímabókmenntir skrifaðar af konum og þá einkum bókmenntir argentínskra kvenna eftir 1990. Hólmfríður er einnig þýðandi milli spænsku og íslensku. Um þessar mundir vinnur Hólmfríður að bók um málefni minnihlutahópa við Karíbahafsströnd Mið-Ameríkuríkja.



### HULDA KRISTÍN JÓNSDÓTTIR

aðjunkt í ensku.

Hulda Kristín lauk MA-prófi árið 2008 í ensku frá Háskóla Íslands og BA-prófi frá sama skóla árið 2006. Hún leggur nú lokahönd á doktorsritgerð sína í enskum málvísindum. Hún hefur kennt ensku við Háskóla Íslands og við Endurmenntun Háskóla Íslands frá árinu 2008. Jafnframt hefur hún umtalsverða reynslu af námskeiðahaldi, kennslu og sérfræðiráðgjöf jafnt fyrir opinberar stofnanir og einkafyrirtæki.



### INGIBJÖRG ÁGÚSTSDÓTTIR

lektor í breskum bókmenntum 19. og 20. aldar.

Ingibjörg lauk doktorsnámi í skoskum bókmenntum við Háskólann í Glasgow árið 2001. Hún lauk meistaraþrófi í ensku frá Háskóla Íslands árið 1995 og BA-prófi í ensku frá sama skóla árið 1993.

Rannsóknasvið hennar eru breskar 19., 20. og 21. aldar bókmenntir, skoskar bókmenntir á 20. og 21. öld og sögulegar bókmenntir frá 19. öld fram til dagsins í dag.

Ingibjörg vinnur um þessar mundir að rannsóknum um Tudor-tímabilið í sögulegum skáldskap og viðhorf til þess meðal lesenda og rithöfunda, um skosku sögulegu skáldsöguna og þjóðaratkvæðagreiðsluna 2014, um meðferð sögulegra bókmennta og kvikmynda á Maríu Stúart Skotadrottningu og þriðja eiginmanni hennar, jarlinum af Bothwell, og um textatengsl skáldsögunnar *Náðarstund* eftir Hannah Kent við skáldsöguna *Alias Grace* eftir Margaret Atwood.

Ingibjörg er jafnframt ein af skipuleggjendum alþjóðlegu ráðstefnunnar „Representing the Tudors“ sem haldin var í Cardiff í Wales í júlí 2014.

---

**IRMA ERLINGSDÓTTIR**

dósent í frönskum samtímabókmenntum.

Irma lauk doktorsnámi í frönskum samtímabókmenntum frá Sorbonne-háskóla í París árið 2012, DEA-prófi í samtímabókmenntum frá Université Paris VIII (Vincennes) árið 1995, meistaraprófi í samtímabókmenntum frá Paul-Valéry háskóla í Montpellier árið 1994, licence-prófi frá sama skóla árið 1993 og BA-gráðu í frönsku frá Háskóla Íslands árið 1992.

Rannsóknasvið Irmu eru franskar bókmenntir og heimspeki, menningarfræði, kynjafræði og samtímasaga. Irma hefur skrifað greinar, ritstýrt bókum og skipulagt ráðstefur og viðburði. Árið 2000 var hún ráðin forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og gegnir hún enn þeirri stöðu. Irma er enn fremur framkvæmdastjóri EDDU – öndvegisseturs og Alþjóðlegs jafnréttisskóla (GEST) við Háskóla Íslands en báðum verkefnum var ýtt úr vör árið 2009.



---

**JESSICA GUSE**

sendikennari í þýsku með áherslu á menningarmiðlun.

Jessica lauk MA-prófi í þýsku sem öðru máli og menningarmiðlun frá Freie Universität í Berlín árið 2011 og meistaraprófi í þýskum bókmenntum, miðaldasögu og listasögu frá Technische Universität í Berlín árið 2009. Hún vinnur nú að doktorsritgerð um notkun ljóðaslams í tungumálakennslu.



---

**JIA YUCHENG**

sendikennari í kínversku á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Jia lauk MA-gráðu í þýðingafraeði frá South Central University í Hunan-héraði í Kína árið 2002. Hann gegnir stöðu dósents við deild erlendra tungumála í Ningbo-háskóla í Kína. Jia kennir kínversku og kínverska málnotkun.



---

**JÚLÍAN MELDON D'ARCY**

prófessor í enskum bókmenntum.

Júlían lauk doktorsnámi í skoskum bókmenntum frá Aberdeen-háskóla í Bretlandi árið 1991, meistaraprófi frá Lancaster-háskóla árið 1971, B.Ed.-prófi frá St. Martin's College í Lancaster í Bretlandi 1972 og BA-gráðu í ensku máli og bókmenntum frá Lancaster-háskóla árið 1970.

Rannsóknasvið hans eru breskar og skoskar bókmenntir, sérstaklega skáldsagnagerð á 19. og 20. öld, og bandarískar og evrópskar íþróttabókmenntir. Um þessar mundir vinnur Júlían að nýrri bók um amerískan fótbolta í bandarískum bókmenntum, auk þess sem hann er að þýða ýmis verk eftir Þórberg Þórðarson.



---

**KRISTÍN GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**

lektor í spænsku.

Kristín lauk doktorsnámi í rómönsk-amerískum fræðum frá Arizona State University 2004. Hún lauk meistaraprófi í spænskum og rómönsk-amerískum bókmenntum frá Madrídardeild New York University í Madríd 1986 og BA-gráðu í spænsku frá Universidad del Sagrado Corazón í Púertó Ríkó árið 1983. Einnig stundaði hún nám í bókmenntum spænskumælandi landa við Universidad Nacional Autónoma í Mexíkóborg 1981–1982 og nám í spænskum fræðum við Universidad Complutense í Madríd 1979–1981.

Rannsóknasvið hennar er bókmenntir og alþýðutrú á landamærum Mexíkós og Bandaríkjanna, alþýðudýrlingar Rómönsku Ameríku, smásagan og örsagan í Rómönsku Ameríku, bókmenntir á spænskumælandi eyjum í Karíbahafi og þýðingar.

Um þessar mundir vinnur Kristín að nokkrum þýðingaverkefnum: úrvalssafni örsagna frá Rómönsku Ameríku, örsagnasafni rithöfundarins Ana María Shua og safni mexíkóskra smásagna. Einnig vinnur hún að rannsóknaverkefninu Tengsl Íslands og Spánar í tímans rás. Bók hennar um



alþýðudýrilinga í Mexíkó, *Bandoleros santificados. Las devociones a Jesús Malverde y Pancho Villa*, er nýttkomin hjá El Colegio de la Frontera Norte/El Colegio de San Luis, rannsóknastofnunum í Mexíkó.



#### LARS-GÖRAN JOHANSSON

sendikennari í sænsku.

Lars-Göran lauk fil.mag.-gráðu í norrænum tungumálum og bókmenntum frá Háskólanum í Uppsölum árið 1974 ásamt kennslufræði frá Háskólanum í Linköping 1977.

Rannsóknasvið Lars-Görans eru sænskar samtímabókmenntir.



#### LIU KAILIANG

sendikennari í kínversku á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Liu lauk MA-gráðu í almennum málvísindum frá South Central University í Hunan-héraði í Kína árið 2003. Hún gegnir stöðu lektors við deild erlendra tungumála í Ningbo-háskóla í Kína. Liu kennir kínversku og kínverska texta.



#### MAGNÚS BJÖRNSSON

forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Magnús lauk meistaraprófi í alþjóðastjórn málum frá Renmin-háskóla í Peking í Kína árið 2000 og BA-gráðu í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands árið 1997. Starfsvettvangur Magnúsar hefur að mestu verið á sviði kennslu og ferðapjónustu ásamt túlkun og þýðingavinnu. Auk þess starfaði Magnús tímabundið í sendiráði Íslands í Peking og við heimssýninguna í Shanghai árið 2010.



#### MAGNÚS FJALLDAL

prófessor í ensku.

Magnús lauk doktorsnámi í enskum bókmenntum og germönskum miðaldafræðum frá Harvard-háskóla árið 1985. Hann hafði áður lokið cand.mag.-prófi í ensku og BA-gráðu í ensku og íslensku frá Háskóla Íslands.

Rannsóknasvið hans hefur aðallega verið enskar og íslenskar miðaldabókmenntir. Um þessar mundir er Magnús að þýða *Bjólfskviðu*.



#### MAGNÚS SIGURÐSSON

aðjunkt í þýsku.

Magnús lauk meistaraprófi í þýsku sem erlendu máli frá Heidelberg-háskóla í Þýskalandi árið 1983. Rannsóknáhrugi Magnúsar beinist að málnotkun Íslendinga sem læra þýsku, þýðingum og orða-bókanotkun.



#### MARTIN REGAL

dósent í ensku.

Martin lauk doktorsnámi í breskum og bandarískum leikbókmenntum frá Kaliforníuháskóla í Davis 1991.

Rannsóknir hans eru á aðallega á sviði aðlögunar- og kvikmyndafræði. Hann hefur einnig þýtt fjölmörg íslensk forn- og nútímabókmenntaverk, auk annarra verka.

Um þessar mundir er hann að leggja lokahönd á útgáfu á leikritum Harolds Pinter í íslenskri þýðingu og bók um harmleikinn sem bókmenntagrein. Martin kenndi fyrst í Háskóla Íslands árið 1976 en hefur einnig kennt í Bandaríkjunum, við Stokkhólmsháskóla og Kungliga Tekniska Högskolan í Stokkhólmi.

---

**MICHELE BROCCIA**

sendikennari í ítölsku.

Michele Broccia lauk meistaraþrófi í erlendum tungumálum og bókmenntum frá Háskólanum í Cagliari 1990, meistaraþrófi í kennslutækni 2008 og meistaraþrófi í enskum nútíma- og samtímabókmenntum 2009 frá Telematica Guglielmo Marconi háskólanum í Róm.

Michele Broccia kennir ítölsku, málvísindi, kvikmyndafræði og ítalskar bókmenntir. Um þessar mundir vinnur hann að rannsókn á sardinískum samtímaskáldsögum, bæði á ítölsku og sardinísku.



---

**ODDNÝ G. SVERRISDÓTTIR**

prófessor í þýsku.

Oddný lauk doktorsnámi í þýskum fræðum, málvísindum og norrænu árið 1987 frá Westfälische Wilhelms háskólanum í Münster í Westfalen í Þýskalandi. Áður hafði hún lokið BA-gráðu í þýsku og bókasafnsfræði, auk kennsluréttindanáms frá Háskóla Íslands árið 1980.

Rannsóknarvið hennar er innan samantvívíðarmálvísinda, einkum á sviði orðtakafræði, svo og þýska sem erlent tungumál á Íslandi og miðlun menningar í ferðaþjónustu. Um þessar mundir vinnur Oddný að rannsókn á notkun orðtaka í þýskum og íslenskum textum og er rannsóknin byggð á rauntextum.



---

**PERNILLE FOLKMANN**

lektor í dönsku máli.

Pernille lauk cand.mag.-gráðu í dönsku frá Kaupmannahafnarháskóla árið 2009.

Rannsóknarsvið hennar eru norræn nútímamál, máltileinkun, málkennsla, málstefna og orðræðugreining.



---

**REBEKKA PRÁINSDÓTTIR**

aðjunkt í rússnesku.

Rebekka lauk meistaraþrófi í rússnesku og rússneskum bókmenntum með áherslu á bókmenntir frá Ríkisháskólanum í Pétursborg árið 2003 og BA-gráðu í rússnesku frá Háskóla Íslands árið 2001.

Rannsóknarvið hennar eru rússneskar bókmenntir á 19. og 20. öld fram til 1930 og samtímabókmenntir skrifaðar af konum. Rebekka vinnur nú, ásamt Ölgu Korotkovu, dósent við Lomonosov-háskólann í Moskvu, að gerð kennslubókar í rússneskum bókmenntum fyrir nemendur í rússnesku við Háskóla Íslands.



---

**SIGURÐUR PÉTURSSON**

lektor emeritus í grísku og latínu.

Sigurður lauk cand.mag.-prófi í latínu og grísku frá Ársósháskóla í Danmörku vorið 1973. Auk kennslu bæði í latínu og grísku við Háskóla Íslands frá hausti 1973, hefur Sigurður fengist við rannsóknir á ýmsum sviðum klassískra fræða en hefur þó einkum lagt áherslu á húmanisma almennt, áhrif hans hér á landi og þær bókmenntir sem Íslendingar sömdu á nýlatínu frá lokum sextándu aldar fram á nítjándu öld.

Á árinu kom út hjá SVF og Háskólaútgáfunni greinasafn Sigurðar, *Latína er list mæt. Um latneskar menntir á Íslandi*.





### STEFANO ROSATTI

aðjunkt í ítölsku.

Stefano lauk meistaraþrófi í kennslufræðum og útbreiðslu ítalskrar tungu og menningar frá Ca' Foscari-háskólanum í Feneyjum á Ítalíu árið 2005. Hann lauk laurea-gráðu í ítölskum bókmenntum frá Háskólanum í Genúa á Ítalíu árið 1996.

Rannsóknasvið hans eru ítalskar endurreisnar- og samtímabókmenntir. Um þessar mundir er Stefano að skoða ævi og verk ítölsku 16. aldar skáldkonunnar Isabellu Di Morra. Auk þess vinnur hann að rannsókn á ítalska ljóðskáldinu Clemente Rebora (1885–1957). Hann er einnig að þýða skáldsögur Auðar Övu Ólafsdóttur á ítölsku.



### SUSANNE ANTOINETTE ELGUM

aðjunkt í dönsku.

Susanne lauk meistaraþrófi í stjórn málafræði frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1997 og BA-gráðu í sálfræði frá sama skóla árið 2000.

Susanne kennir danskt mál og málnotkun, danska menningu og sögu, auk þess sem hún fjallar um þjóðfélag, fjölmiðla og stjórn mála í Danmörku í kennslu sinni.



### WANG XIA

sendikennari í kínversku á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Hún lauk MA-gráðu í ensku frá Yanbian-háskóla í Jilin-héraði í Kína árið 2002. Hún gegnir stöðu lektors við deild erlendra tungumála í Ningbo-háskóla í Kína. Wang kennir kínverska texta, kínverska málnotkun og viðskiptakínversku.



### ÞÓRHALLUR EYPÓRSSON

prófessor í málvísindum við námsleið í ensku.

Þórhallur lauk doktorsnámi í málvísindum frá Cornell-háskóla árið 1995, meistaraþrófi frá sama háskóla 1992 og meistaraþrófi í indóevrópskri samanburðarmálfræði, grísku og latínu frá Ludwig-Maximilians háskóla í München árið 1986. Helstu rannsóknasvið Þórhalls eru setningafræði norræna og germanskra mála í sögulegu ljósi og almenn söguleg málvísindi, tilbrigði og breytileiki í íslensku og færeysku í samanburði við önnur norræn mál, þróun fallamörkunar og rökliðagerðar í indóevrópskum málum, gerð sögulegra gagnagrunna til notkunar í málvísindarannsóknum og loks samspil bragfræði og málfræði í forníslenskum kveðskap.

Þórhallur stjórnar nokkrum innlendum og erlendum rannsóknaverkefnum og er þátttakandi í mörgum alþjóðlegum samstarfsnetum og samtökum í málvísindum.



### ÞÓRHILDUR ODDSDÓTTIR

aðjunkt í dönsku.

Þórhildur lauk meistaraþrófi frá Háskóla Íslands árið 2004 með áherslu á kennslufræði tungumála, einkum orðaforðatíleinkun í erlendum málum. Hún stundaði nám við Kaupmannahafnarháskóla árið 2002. Þórhildur lauk uppeldis- og kennslufræði og diplómu í kennsluskálarfræðum frá Háskóla Íslands árið 1989 og lauk BA-gráðu í dönsku frá sama skóla árið 1978. Hún stundaði nám við Háskólann í Óðinsvéum á árunum 1978-1980.

Rannsóknasvið hennar eru tíleinkun erlendra tungumála, tölvustudd tungumálakennsla og skyldleiki orðaforða í dönsku og íslensku.

Um þessar mundir vinnur Þórhildur að samstarfsverkefni með menntastofnunum í Danmörku, Færeyjum, Grænlandi og Íslandi um stöðu dönsku sem fyrsta, annars og þriðja máls, sem og í annarsmálsumhverfi í Danmörku. Þá vinnur hún að rannsókn á þróun orðaforða og notkun orðasambanda í ritmáli málnema. Að lokum vinnur hún að þýðingum á smásögum danskra kvenna á 20. og 21. öld („Raddir frá Danmörku“).

# Fræðimenn með aukaaðild að stofnuninni

## GAUTI KRISTMANNSSON

prófessor í þýðingafraeði.

Gauti lauk doktorsnámi í þýðingafraeði, ensku, þýsku og menningarfélagsfraeði frá Johannes Gutenberg-háskólanum í Mainz/Germersheim árið 2001. Hann lauk meistaraþrófi í skoskum bókmenntum frá Edinborgarháskóla árið 1991, BA-gráðu í ensku við Háskóla Íslands 1987 og hlaut löggildingu sem skjalapýðandi og dómtúlkur sama ár.

Rannsóknasvið Gauta eru almenn þýðingafraeði, enskar og þýskar bókmenntir, upplýsingin í Evrópu, þýðingasaga, málstefna á Íslandi og annars staðar og íslenskar samtímabókmenntir.



## GEIR SIGURÐSSON

dósent í kínverskum fræðum.

Geir lauk doktorsnámi í heimspeki með áherslu á kínversk-vestræna samanburðarheimspeki frá Havaí-háskóla í Bandaríkjunum árið 2004. Á árunum 2001-2003 stundaði hann nám í kínversku og heimspeki við Renmin-háskóla í Peking í Kína og 1998-1998 kínverskunám við Háskólann í Kiel í Þýskalandi. Hann lauk meistaraþrófi í heimspeki frá Cork-háskóla á Írlandi árið 1997 og BA-gráðu í heimspeki og félagsfraeði frá Háskóla Íslands árið 1994.

Rannsóknir Geirs snúast öðru fremur um samanburð á kínverskri og vestrænni heimspeki og taka einkum á menntun, siðfraeði, viðhorfum til samfélags og náttúru, einstaklingsþroska og lífslist. Á seinni árum hefur hann lagt áherslu á konfúsíanismu, daoisma og fyrirbærafraeði.



# Gestakennarar

## JÓHANNA BARÐDAL

rannsóknarprófessor í málvísindum við Háskólann í Ghent í Belgíu og gestaprófessor við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.

Jóhanna lauk doktorsnámi í norrænum málvísindum frá Lundarháskóla árið 2001 og BA-þrófi í íslensku og þýsku frá Háskóla Íslands árið 1992.

Rannsóknarsvið Jóhönnu lýtur að föllum, þróun fallmörkunar, tengslum falla og málfræðihlutverka, tengslum falla og merkingarflokka sagna, þörun setningarlegra og merkingarlegra eiginleika í tákn, virkni og tilbrigðum í föllum og rökliðagerðum, sögulegum samanburðarrannsóknnum, ásamt setningalegri og merkingarlegru endurgerð.

Jóhanna vinnur nú að samanburði á hegðun aukafallsfrumlaga í germönskum forn- og nútíma-málum, í samvinnu við Þórhall Eyþórsson, og leiðir hún teymi fræðimanna sem beina sjónum sínum að þróun slíkra aukafallsrökliða í elstu lögum indó-evrópskrar tungu. Veglegir styrkir til verkefnisins hafa fengist frá Rannsóknarsjóði Björgvinjar, Rannsóknarráði Noregs og nú síðast frá Evrópska rannsóknarráðinu.

Áður en Jóhanna hóf störf í Ghent, starfaði hún sem stundakennari við Lundarháskóla í Svíþjóð, við Manchesterháskóla í Englandi, og var aðjunkt við Háskólann í Denton í Texas. Þá hefur hún verið nýdoktor við Háskólann í Björgvin í Noregi, og síðar verkefnisstjóri og rannsóknardósent við sömu stofnun.



## VIOLA G. MIGLIO

dósent í málvísindum við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara og gestadósent við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.

Viola lauk doktorsnámi í málvísindum frá Háskólanum í Maryland í Bandaríkjunum árið 1999, meistaraþrófi í málvísindum frá sama skóla árið 1997, meistaraþrófi í germönskum textafræðum



frá Università degli Studi di Bologna árið 1997 og BA-prófi í ensku og þýsku frá Háskólanum í Edinborg árið 1989. Þá lauk hún B.Ph. Isl.-prófi frá Háskóla Íslands árið 2001.

Viola stjórnar framhaldsnámi í spænskum málvísindum í deild spænsku og portúgölsku við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara og tungumálamiðstöð deildarinnar. Rannsóknir hennar liggja á mótum bókmennta og málvísinda, á sviði orðræðugreiningar, rannsókna á rómönskum og germönskum málum, málbreytinga, baskneskra fræða og þýðinga.

## Doktorsnemar



### ÁRNÝ AURANGASRI HINRIKSSON

doktorsnemi í ensku.

Árný lauk MA-prófi í ensku við Háskóla Íslands árið 2007, diplóma í kennslufræðum frá Kennaraháskóla Íslands árið 2005, BA-gráðu í ensku frá Háskóla Íslands árið 2004 og diplóma-prófi í indverska tungumálinu *telegu* frá Andra Pradesh-háskóla á Indlandi árið 1983.

Doktorsverkefni hennar, sem hún lauk og varði í nóvember, fjallar um skáldsögur skrifaðar á ensku af rithöfundum frá Srí Lanka um uppreisnirnar á Srí Lanka á árunum 1971 og 1987–1987 sem og um borgarastríðið milli Tamíla og Singalesa sem varði í þrjátíu ár. Hún rannsakar þátt breskra nýlenduherra í þessum óeirðum eins og honum er lýst í skrifum rithöfunda frá Srí Lanka eftir að landið fékk sjálfstæði. Leiðbeinandi er Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, prófessor í enskum bókmenntum.



### ÁSRÚN JÓHANNSDÓTTIR

doktorsnemi í ensku.

Ásrún lauk MA-prófi í ensku frá Háskóla Íslands árið 2009, diplóma í kennslufræði árið 2008 frá Háskóla Íslands og BA-prófi í enskum bókmenntum frá Háskóla Íslands árið 2006. Doktorsverkefni hennar fjallar um viðhorf ungra nemenda til ensku á Íslandi og tileinkun þeirra á orðaforða í ensku. Leiðbeinandi er Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum.



### BRANISLAV BÉDI

doktorsnemi í annarsmálsfræðum.

Branislav lauk MA-prófi í þýsku við Háskóla Íslands árið 2015, MA-prófi í enskum og þýskum málvísindum með kennsluréttindi fyrir framhaldsskóla við Konstantín-háskóla í Nitra í Slóvakíu árið 2011 og BA-prófi í íslensku fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands árið 2009.

Doktorsverkefni hans fjallar um kennslu íslenskrar tungu og menningu í þrívíddarsýndar-umhverfinu *Virtual Reykjavík*. Markmið verkefnisins er að bera kennsl á sérkenni talmáls sem snerta bæði félagslega og menningarlega þætti. Leiðbeinandi er Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum.



### GUÐMUNDUR EDGARSSON

doktorsnemi í ensku.

Guðmundur lauk M.Paed.-prófi frá Háskóla Íslands árið 2004 og BA-prófi í ensku frá sama skóla árið 1992.

Doktorsverkefni Guðmundar fjallar um eðli og magn ensks orðaforða nemenda við lok framhaldsskóla og eftir eins árs háskólanám. Markmiðið er að kanna undirbúning nemendanna til að takast á akademíska texta á ensku. Leiðbeinandi er Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum.




---

## HULDA KRISTÍN JÓNSDÓTTIR

doktorsnemi í ensku.

Hulda Kristín lauk MA-prófi árið 2008 í ensku frá Háskóla Íslands og BA-prófi frá sama skóla árið 2006.

Doktorsverkefni hennar fjallar um stöðu enskunnar sem vinnu- eða samskiptamáls – *lingua franca* – í viðskiptaheiminum á Íslandi. Rannsóknin er hluti af þverfaglegri rannsókn sem er styrkt af Rannsóknamiðstöð Íslands. Markmiðið er að kortleggja færni og enskunotkun Íslendinga, rannsaka hversu mikla og hvers konar þörf Íslendingar hafa fyrir enskukunnáttu í leik og starfi. Leiðbeinandi er Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum.



---

## INGIBJÖRG ÞÓRISDÓTTIR

doktorsnemi í ensku.

Ingibjörg lauk MA-prófi í mennta- og menningarstjórnun frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst og BA-prófi í Theatre Arts frá California State University Fresno. Ingibjörg stundaði einnig cand.mag-nám í dramatúrgi við Árósháskóla.

Doktorsritgerð hennar fjallar um áhrif Shakespeares á íslenska leiklistar- og menningarsögu. Skoðuð verður þýðingarsaga verkanna hér á landi og þær breytingar sem orðið hafa í íslensku leiklistarlífi á síðustu árum með tilliti til öndvegisbókmennta og Shakespeares. Leiðbenandi er Martin Regal, dósent í ensku.



---

## KOLBRÚN FRÍÐRIKSDÓTTIR

doktorsnemi í annarsmálsfræðum.

Kolbrún lauk MA-prófi í íslenski málfræði frá Háskóla Íslands árið 2004, BA-prófi í íslensku frá sama skóla árið 1989 og B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 1984. Hún hefur verið aðjunkt í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands frá árinu 2006 og starfaði við þróun og ritstjórn innihalds *Icelandic Online* 1-4 (<http://icelandiconline.is>) á árunum 2002–2010.

Doktorsverkefni hennar er á sviði tölvustudds tungumálanáms (CALL) og fjallar um námshegðun og framvindu í netnámi. Rannsóknargögn eru m.a. fengin úr gagnagrunni *Icelandic Online* en vöktunarkerfi námskeiðanna hefur fylgt málnefnum eftir í um áratug. Leiðbeinandi er Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum.



---

## LÁRA MARTEINSDÓTTIR

doktorsnemi í ensku.

